



HÖRGÁRBYGGÐ

Aðalskipulag 2006-2026



5. október 2009

HÖRGÁRBYGGÐ

Aðalskipulag 2006-2026



LANDMÓTUN®

Yngvi Þór Loftsson
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

1.	SAMANTEKT.....	7
1.1.	INNANGUR	7
1.2.	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	7
1.3.	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR	8
1.4.	SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNAAÐILA	9
1.5.	SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA.....	9
1.6.	SAMRÁÐ VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI.....	9
1.7.	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	10
1.8.	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	15
2.	UMHVERFISSKÝRSLA	16
2.1.	UMHVERFISMAT SKIPULAGSÁÆTLUNAR	16
2.2.	TILGANGUR UMHVERFISMATS.....	17
2.3.	AÐFERÐIR OG FRAMSETNING UMHVERFISSKÝRSLU	18
2.4.	UMHVERFISMAT SKIPULAGSÁÆTLUNAR	21
2.4.1.	<i>Svæðisskipting</i>	<i>21</i>
2.5.	STEFNUMIÐ FYRIR ÍBÚÐARSVÆÐI.....	23
2.5.1.	<i>Tillögur að mótvægisáðgerðum.....</i>	<i>24</i>
2.5.2.	<i>Valkostir</i>	<i>24</i>
2.5.3.	<i>Niðurstaða mats</i>	<i>28</i>
2.6.	STEFNUMIÐ FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ	29
2.6.1.	<i>Tillögur að mótvægisáðgerðum.....</i>	<i>30</i>
2.6.2.	<i>Valkostir</i>	<i>30</i>
2.6.3.	<i>Niðurstaða mats</i>	<i>31</i>
2.7.	STEFNUMIÐ FYRIR VERNDARSVÆÐI	32
2.7.1.	<i>Tillögur að mótvægisáðgerðum.....</i>	<i>35</i>
2.7.2.	<i>Valkostir</i>	<i>36</i>
2.7.3.	<i>Niðurstaða mats</i>	<i>37</i>
2.8.	STEFNUMIÐ FYRIR RAFVEITU	37
2.8.1.	<i>Tillögur að mótvægisáðgerðum.....</i>	<i>38</i>
2.8.2.	<i>Valkostir</i>	<i>39</i>
2.8.3.	<i>Niðurstaða mats</i>	<i>39</i>
2.9.	STEFNUMIÐ FYRIR LANDBÚNAÐARSVÆÐI	40
2.9.1.	<i>Tillögur að mótvægisáðgerðum.....</i>	<i>43</i>
2.9.2.	<i>Valkostir</i>	<i>43</i>
2.9.3.	<i>Niðurstaða mats</i>	<i>44</i>

2.10.	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	45
2.10.1.	Heildarniðurstaða matsvinnunnar.....	46
2.10.2.	Matsskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum	48
2.10.3.	Matsskyldar framkvæmdir í Hörgárbyggð.....	50
3.	MEGINÞÆTTIR SKIPULAGSÁÆTLUNAR.....	51
3.1.	LÝSING AÐALSKIPULAGS	51
3.2.	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS.....	51
4.	DREIFBÝLI	52
4.1	LANDNOTKUN.....	52
4.1.1	Íbúðasvæði.....	52
4.1.2	Svæði fyrir þjónustustofnanir	54
4.1.3	Verslunar- og þjónustusvæði	55
4.1.4	Iðnaðarsvæði	56
4.1.5	Athafnasvæði	57
4.1.6	Efnistökusvæði.....	58
4.1.7	Sorpförgunarsvæði	61
4.1.8	Svæði fyrir frístundabyggð	62
4.1.9	Opin svæði til sérstakra nota.....	64
4.1.10	Óbyggð svæði	65
4.1.11	Landbúnaðarsvæði	65
4.2	VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ	68
4.2.1	Náttúruverndarsvæði.....	68
4.2.2	Þjóðminjaverndarsvæði.....	71
4.2.3	Verndarsvæði vegna neysluvatns.....	73
4.2.4	Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns	75
4.2.5	Hverfisverndarsvæði.....	75
4.2.6	Svæði undir náttúruvá	81
4.3	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	83
4.3.1	Vegir.....	83
4.3.2	Göngu- og hjólaleiðir.....	85
4.3.3	Reiðleiðir.....	86
4.3.4	Vatnsveita	87
4.3.5	Hitaveita	87
4.3.6	Fráveita	87
4.3.7	Rafveita.....	87
4.3.8	Fjarskipti	88
5.	ÞÉTTBÝLI	90
5.1.	INNANGUR	90
5.2.	ÍBÚÐASVÆÐI	90

5.3.	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	91
5.4.	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI	92
5.5.	ATHAFNASVÆÐI.....	92
5.6.	ÍÐNAÐARSVÆÐI	93
5.7.	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	93
5.8.	ÓBYGGÐ SVÆÐI	94
5.9.	SAMGÖNGUR.....	94
5.10.	VEITUR	96
5.10.1.	Hitaveita	96
5.10.2.	Fráveita	96
5.10.3.	Vatnsveita	96
5.10.4.	Rafveita.....	97
HEIMILDIR		98
VIÐAUKAR.....		100

Breytingar sem gerðar hafa verið á fyrstu gerð aðalskipulagsins:

(breytingarnar hafa verið felldar inn í textann á viðkomandi stöðum)

28. maí 2009:

Byggingar á landbúnaðarsvæðum:

Niður féll setningin: *“Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.”* (bls. 67)

5. október 2009

Samgöngur og veitur

Bætt við eftirfarandi setningu í undirkafla 4.3.4 Vatnsveita, 4.3.5 Hitaveita, 4.3.6 Fráveita, 4.3.7 Rafveita og 4.3.8. Fjarskipti: *“Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt nógildandi skipulags- og byggingarlögum.”*

HÖRGÁRBYGGÐ

Aðalskipulag 2006-2026

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar þann 15. okt. 2008.

Guðmundur Sigvaldason
(sign)

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum þann 5. janúar 2009.

Hafðís Hafliðadóttir
(sign)
Birna Bj. Árnadóttir
(sign)

Aðalskipulag Hörgárbyggðar var staðfest af umhverfisráðherra þann 2. febrúar 2009.

f.h.r.
Magnús Jóhannesson
(sign.)
Logi Kjartansson
(sign.)

Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

1. SAMANTEKT

1.1. Inngangur

Hörgárbyggðar varð til úr þremur sveitarfélögum þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust. Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 805 km².

Í þessari greinargerð er nánari lýsing á tillöguuppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.

Greinargerðin skiptist í eftirfarandi fimm kafla; Kafli 1 Samantekt, kafli 2 Umhverfiskýrsla, kafli 3 Meginþættir skipulagsáætlunar, kafli 4 um landnotkun í dreifbýli og kafli 5 um landnotkun í þéttbýli. Forsendur eru settar fram í sérhefti.

1.2. Markmið aðalskipulags

Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á tímabilinu 2006-2026.

Löggö er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis og að leggja fram áætlun sem gæti stuðlað að hagstæðum búsetuskilyrðum. Þessu markmiði verði náð með því að efla þætti sem m.a. varða atvinnulíf, menntun, félagslega aðstöðu og samgöngur.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orkulinda**. Að jarðefnanámur verði skrásettar og stærð þeirra skilgreind.
- Að standa vörð um **landbúnað** á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að leita hagkvæmustu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarlaginu.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruvinnu og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

Leiðarljós

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að skráð verði þekkt **hættusvæði**, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar. Nánar verði unnið úr gögnum um hugsanlega náttúruvá síðar meir með gerð jarðfræðikorta.
- Að stuðla að því að **nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar**.
- Að stefnt verði að því að **afmarka fristundasvæði**, núverandi og fyrirhuguð.
- Að benda skýrt á gildi **skógræktar** enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga.

1.3. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og aðrar áætlanir

Ekki hefur áður verið unnið aðalskipulag fyrir Hörgárbyggð. Helstu skipulagsáætlanir sem liggja fyrir og eru hluti af forsendum aðalskipulagsins eru þessar:

a. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, staðfest af ráðherra 2002.

Breyting var gerð á svæðisskipulagi árið 2000. Var lagt niður 2007.

b. Sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, ekki staðfest.

c. Aðalskipulag fyrrum Glæsibæjarhrepps 1998-2018, Unnið af Hauki Viktorssyni, ófullgert.

Unnið hefur verið **deiliskipulag** fyrir jarðir og jarðarparta í Hörgárbyggð.

1. **Hagaskógur í landi Glæsibæjar: frístundabyggð**, samþykkt 28. mars 1990.
2. **Skógarhlíð, nyrðri hluti: íbúðabyggð**, samþykkt 16. mars 1994
3. **Steðji**, samþykkt 17.09.2003.
4. **Birkihlíð, íbúðabyggð**, samþykkt 02.10.2003.
5. **Fagravík í landi Pétursborgar**, samþykkt 29.12.2004.
6. **Pétursborg**, samþykkt 01.06.2005.
7. **Lækjarvellir: athafnasvæði og verslunar og þjónustusvæði** 2007
8. **Steðji: frístundabyggð og skógræktarlóðir**, br. 21. mars 2007
9. **Lækjarvellir: athafna-, verslunar- og þjónustusvæði**, br. 15. ágúst 2007

Aðrar áætlanir

Fyrir liggur Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2004-2007 frá mars 2004, þar sem settar voru fram tillögur verkefnisstjórnar um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Matvæli

- 2) Menntun- og rannsóknir
- 3) Ferðaþjónusta
- 4) Heilsa

Umhverfisstofnun gaf út árið 2003 Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þar er lagt til að stofnað verði friðland við Hörgárósa.

1.4. Samráð við hagsmunaaðila

Haft verður samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

1.5. Samráð við íbúa

Haldinn var fundur með íbúum og hagsmunaaðilum 20. október 2005 þar sem vinna við aðalskipulagið var kynnt og boðið upp á samráð. Tillaga að aðalskipulagi var kynnt á íbúafundi 15. febrúar 2007 og í framhaldinu voru greinargerðir og uppdættir settar inn á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem hægt var að koma á framfæri athugasemdum. Önnur drög að aðalskipulagi voru kynnt á íbúafundi 2. apríl 2008 og síðan þá hefur verið unnið úr athugasemdum og gengið frá tillögunni til auglýsingar.

1.6. Samráð við stofnanir og fyrirtæki

Þegar fyrir liggja fyrstu drög að tillögu þá verður haft samráð við aðila er tengjast eftirfarandi efnisflokkum:

- A. **Landbúnaðarsvæði.** Samráð við Búgarð vegna afmörkunar og skilgreiningar landbúnaðarsvæða. Samráð við Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskóga vegna skógræktar á landbúnaðarsvæðum og nýtingu opinna skóga. Skipulagstillagan var send landbúnaðarráðuneytinu til umsagnar í desember 2007 en svar hefur ekki borist. Skipulagstillagan var send Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskógum í desember 2007 og sameiginlegt svar þeirra barst 17. janúar 2008.
- B. **Vegir og reiðleiðir.** Haldnir hafa verið þrír samráðsfundir með Vegagerðinni á Norðurlandi vegna vegamála á öllum stigum skipulagsvinnunnar, einkum hvað varðar nýlagnir vega, vegtengingar og reiðleiðir. Haldinn var fundur með reiðveganefnd hestamannafélaga í héraðinu. Skipulagstillagan var send til umsagnar í desember 2007. Svar Vegagerðarinnar barst 21. janúar 2008.
- C. **Náttúruverndarsvæði og náttúruvá.** Leitað var til Umhverfisstofnunar varðandi afmörkun náttúruverndarsvæða. Skipulagstillagan var send Umhverfisstofnun til umsagnar í apríl 2008 og barst svar 10. júní 2008. Umsögn Umhverfisstofnunar var í 12 liðum þar sem gerðar voru athugasemdir við 4 atriði í forsendukafli og 8 atriði í skipulagstillögunni. Orðið var við flestum athugasemdum Umhverfisstofnunar og voru leiðréttingar gerðar á forsendum og tillögunni m.t.t.



Mynd 1. Frá íbúafundi í febrúar 2007. Mynd. Landmótun.

athugasemda Umhverfisstofnunar. Misræmis gætti í gögnum Umhverfisstofnunar um afmörkun svæðis 507, Krossanesborgir, en ekki bar saman afmörkun í texta á heimasíðu og afmörkunar úr landupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar. Stuðst var því við textalýsingu í tillögunni. Mun sveitarstjórn Hörgárbyggðar leita til Umhverfisstofnunar vegna leiðréttingar á afmörkuninni til samræmis við texta. Umsögn um náttúruvá og veðurfar barst frá Veðurstofnunni 21. janúar 2008.

- D. Vatnsból, vatnsvernd og verndarsvæði strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.** Samvinna var höfð við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands varðandi öflun neysluvatns til framtíðar á svæðinu og afmörkun verndarsvæða vatnsbóla. Ennfremur um verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Skipulagstillagan var send Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra til umsagnar í desember 2007 en ekkert svar hefur borist.
- E. Friðlýstar minjar og skráning fornminja.** Samráð við Fornleifastofnun Íslands sem vinnur að fornleifaskráningu í sveitarfélaginu m.a. hverfisverndarsvæða vegna fornminja. Skipulagstillagan var send Fornleifavernd ríkisins til umsagnar í desember 2007 og viðbótargögn um hverfisvernd fornleifa voru send í janúar 2008 en svar hefur ekki borist.
- F. Efnistökusvæði.** Samráð við Vegagerðina varðandi efnistöku og afmörkun efnistökusvæða. Skipulagstillagan var send Vegagerðinni í desember 2007 og svar barst 21. janúar 2008.
- G. Veitur.** Samráð við Landsnet hf. um meginflutningskerfi raforku, og við Rarik og Norðurorku um dreifikerfi raforku. Tillagan var send Landsneti hf. til umsagnar í desember 2007. Svar barst frá Landsneti 4. janúar 2008.
- H. Samráð við nágrannasveitarfélög.** Akureyrarbæ, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsveit, Akrahreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði og Dalvíkurbyggð var send skipulagstillagan til umsagnar vegna landnotkunar á mörkum sveitarfélaganna í desember 2007. Samráð við Akureyrarbæ, vegna þróunar byggðar og veltenginga á sveitarfélagsmörkum. Samstarfshópur Hörgárbyggðar og Akureyrarbæjar komst að sameiginleg niðurstöðu um skipulagsmál á sveitarfélagsmörkum á fundi 5. Mars 2007. Svar barst frá Arnarneshreppi í janúar 2008 sem gerð engar athugasemdir við tillöguna. Samráð hefur verið haft við skipulagshöfunda að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar um göngu- og reiðleiðir á sveitarfélagamörkum. Svör hafa ekki borist frá öðrum sveitarfélögum.
- I. Kirkjugarðar.** Kirkjugarðaráði var send tillagan til umsagnar í desember 2007 og barst svar 6. desember 2007 þar sem engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna.

1.7. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Hörgárbyggðar 29. september 2008 var farið yfir athugasemdir sem gerðar voru við aðalskipulagið sbr. eftirfarandi fundargerð. Á fundi sveitarstjórnar 15. október s.l. var fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar samþykkt óbreytt :

„2. Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026

Skv. ákvörðun sveitarstjórnar 14. maí 2008 og að fenginni heimild Skipulagsstofnunar, sbr. bréf dags. 19. júní 2008, var tillaga að aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 auglýst og óskað eftir athugasemdum við hana. Skipulagssupprættir, greinargerð, umhverfisskýrsla og skýringarupprættir

láu frammi á skrifstofu Hörgárbyggðar í Þelamerkurskóla og í Skipulagsstofnun frá 14. júlí til 1. september 2008. Ennfremur voru gögnin aðgengileg á heimasíðu Hörgárbyggðar á sama tíma. Athugasemdafrestur var til og með 8. september 2008. Auglýsingin birtist á eftirfarandi stöðum:

Fréttabréf Hörgárbyggðar, 12. júlí 2008

Morgunblaðið, 13. júlí 2008

Lögbirtingablaðið, 14. júlí 2008

Heimasíða Hörgárbyggðar, 14. júlí – 8. sept. 2008

Dagskráin, 16. júlí 2008

Víkudagur, 17. júlí 2008

Lögð voru fram eftirtalin 6 bréf sem fela í sér athugasemdir við aðalskipulagstillöguna:

Sigurjón Benediksson o.fl., dags. 28. ágúst 2008

Lovísa Sigrún Snorradóttir o.fl., dags. 2. sept. 2009

Jón Björgvinsson, dags. 4. sept. 2009

Ragnheiður Guðmundsdóttir o.fl., dags. 5. sept. 2009

Ríkarður G. Hafdal o.fl., dags. 7. sept. 2009

Hermann Harðarson o.fl., dags. 8. sept. 2009

Þá var lagt fram bréf frá Gígju Snædal o.fl., dags. 14. apríl 2008, sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 14. maí 2008 að tekið yrði fyrir sem athugasemd við aðalskipulagstillöguna.

Að loknum umræðum um athugasemdirnar samþykkti nefndin að leggja til við sveitarstjórn eftirfarandi afgreiðslu á framkomnum formlegum athugasemdum við aðalskipulagstillöguna.

Sigurjón Benediksson o.fl., dags. 28. ágúst 2008

Í athugasemdinni segir að ekki sé “ástæða til að láta meira land fyrir þéttbýli við Skógahlíð”.

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar var á sínum tíma gert ráð fyrir stækkun á þéttbýlinu á Lónsbakka. Við vinnu við aðalskipulaginu voru bornir saman fimm kostir við þróun á íbúðabyggð í sveitarfélaginu. Niðurstaðan var að vænlegast er að þróun þéttbýlis á Lónsbakka haldi áfram, sbr. greinargerð á bls. 24.

Lovísa Sigrún Snorradóttir o.fl., dags. 2. sept. 2009

a) Mótmælt er “að nokkur hluti jarðarinnar Skipalón verði settur undir hverfisvernd”.

Tillaga að hverfisvernd á bökkum Hörgár og Hörgárósum tekur mið af afmörkun í verndaráætlun Umhverfisstofnunar. Svæðið er merkilegt einkum vegna mikils fuglalífs, fjölbreytts gróðurfar merkra búðatóta frá miðöldum og útivistargildis. Til að koma til móts við athugasemdir landeigenda á vinnslustigi aðalskipulagstillögunnar var minnkað það svæði, sem upphaflega var afmarkað stærra (í samræmi við afmörkun í verndaráætluninni).

Í ljósi afstöðu viðkomandi landeigenda til málsins leggur nefndin til við sveitarstjórn að felld verði niður hverfisvernd á þessu svæði.

b) Bent er á að svæði 506 á Náttúruminjaskrá var ekki ákveðin í samráði við landeigendur og svæðið er sýnt stærra á skipulagsuppdættinum heldur en skilgreint er í textalýsingu.

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er misræmi á milli afmörkunar í texta og á uppdrætti að því er varðar það svæði sem hér um ræðir. Lagt er til að sveitarstjórn sendi Umhverfisstofnun fyrirspurn um þetta misræmi.

Jón Björgvinsson, dags 4. sept. 2009

Athugasemdir/ábendingar bréfitara eru í fjórum liðum.

Krafist er "að hverfisvernd verði fjarlægð með öllu úr landi Dvergasteins"

Um er að ræða hverfisverndarsvæði í beinu framhaldi fólkvangs í Krossanesborgum. Innan svæðisins er m.a. Lónið að sjó, aðliggjandi votlendi og klapparásar að túnum í landi Dvergasteins. Svæðið er sérstakt vegna klapparása, jökulminja, votlendis og er hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Ákvæði hverfisverndar gera m.a. ráð fyrir að hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur. Afmörkun á hverfisverndarsvæðinu var breytt á vinnslustigi aðalskipulagsins í samræmi ábendingar landeigenda.

Í ljósi afstöðu viðkomandi landeigenda til málsins leggur nefndin til við sveitarstjórn að felld verði niður hverfisvernd á því landi sem tilheyrir Dvergasteini.

Þess er krafist að nýr vegur sem í tillögunni er sýndur frá hringtorgi norður um land Dvergasteins verði tekinn af tillögunni.

Lega vegarins sýnir hugsanlega vegtengingu fyrir svæðið norðan og austan Dvergasteins, en tillagan gerir ekki ráð fyrir að þörf verði fyrir slíka vegtengingu á skipulagstímabilinu. Nefndin leggur til að umræddur vegur verði tekinn af tillögunni og að vegtengingin verði færð sunnar og komi nyrst við lóð Húsasmiðjunnar. Aðalskipulagstillagan tekur ekki afstöðu til þess hvernig vegtengingar eru útfærðar.

Krafist er að skýrari línur verði dregnar um fráveitumál á Lónsbakka.

Miðað við núverandi magn fráveituvatns, áætlaða aukningu þess á næstu árum og þær endurbætur sem verið er gera verða á fráveitukerfinu mun það uppfylla kröfur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Þess er krafist að fjarlægðarmörk milli íbúðabyggðar og landbúnaðar verði sett í skýringartexta.

Fjarlægð íbúðabyggðar frá landbúnaðarlandi skv. landnotkunarkorti er ekki meiri en hún er nú. Uppdráttur á bls. 22 í tillögunni er til skýringar og er því ekki bindandi um landnotkun í aðalskipulaginu. Ákvörðun um ný íbúðasvæði eftir skipulagstímabilið mun m.a. taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem þá verða í gildi.

Ragnheiður Guðmundsdóttir o.fl., dags. 5. sept. 2009

Óskað er eftir að hverfisvernd við Hörgá sem tilheyrir Hlöðum verði felld úr tillögunni.

Tillaga að hverfisvernd á bökkum Hörgár og Hörgárósum tekur mið af afmörkun í verndaráætlun Umhverfisstofnunar. Svæðið er merkilegt einkum vegna mikils fuglalífs, fjölbreytts gróðurfar merkra búdatófta frá miðöldum og útivistargildis. Ákvæði hverfisverndar gera m.a. ráð fyrir að hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.

Í ljósi afstöðu viðkomandi landeigenda til málsins leggur nefndin til við sveitarstjórn að felld verði niður hverfisvernd á þessu svæði.

Óskað er eftir að íbúðabyggð á Gásum verði felld úr tillögunni.

Tillaga um íbúðabyggð í landi Gása eru til komin vegna óska viðkomandi landeigenda. Þar er gert ráð fyrir mun stærri lóðum en almennt gerist sem þýðir að um nýjan búsetukost í Eyjafirði yrði að ræða. Talið er að aukin íbúðabyggð muni styrkja sveitarfélagið sem slíkt og gera því auðveldara en ella að veita íbúunum þá þjónustu sem því ber. Íbúðabyggð með svo stórum lóðum sem gert er ráð fyrir á Gásum og sem er í nokkurri fjarlægð frá þjónustu, getur haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif, en hugsanlega getur íbúðasvæðið dregið úr eftirspurn eftir enn stærri lóðum og það getur dregið úr líkum á því að slíkt svæði verði byggt enn lengra frá helstu þjónustupáttum.

Þéttbýlismyndun í innanverðum Eyjafirði á næstu áratugum mun væntanlega aðallega eiga stað á svæðinu norðan við Akureyri, þannig að með tímanum mun styttest í þjónustu fyrir þá sem búa á svæðinu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu og minjavörslu í nágrenninu og íbúðabyggðin getur í einhverjum tilvikum stytt vegalengdir fyrir vinnusókn starfsmanna þar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að í byggingarskilmálum svæðisins verði gengið út frá því að dreifing búfjáraburðar eigi sér stað í næsta nágrenni þess.

Skv. 2. viðauka í lögum um umhverfismat ber að tilkynna breytingu á landnotkun í dreifbýli sem er stærri en 20 ha. Þessi breyting á landnotkun verður tilgreind í kafla 2.10.3 (um matsskyldar framkvæmdir) í aðalskipulagstillögunni.

Ríkarður G. Hafdal o.fl., dags. 7. sept. 2009

Mótmælt er tillögu um íbúðabyggð á Gásum.

Vísað er til svars við b-lið í athugasemd Ragnheiðar Guðmundsdóttur o.fl.

Hermann Harðarson o.fl., dags. 8. sept. 2009

Andmælt er staðsetningu hringtorgs vegna hávaðamengunar sem af því muni leiða og bent á núverandi gatnamót sem betri staðsetningu.

Aðalskipulagstillagan tekur ekki afstöðu til þess hvernig vegtengingar eru útfærðar, en vegna aðstæðna er ekki mögulegt að hafa núverandi gatnamót á sama stað til framtíðar. Nefndin leggur áherslu á að við útfærslu á gatnamótunum verði tekið mið af hljóðvíst í nálægðri byggð og að í hvívetna verði fylgt reglum um takmörkun umferðarhávaða í íbúðasvæðum sem munu gilda á þeim tíma þegar að framkvæmdum kemur.

Gígja Snædal o.fl., dags. 14. apríl 2008

Gerð er athugasemd við að gert er ráð fyrir íbúðabyggð á Gásum.

Vísað er til svar við b-lið í athugasemd Ragnheiðar Guðmundsdóttur o.fl.

Við afgreiðslu athugasemda frá Ragnheiði Guðmundsdóttur o.fl. um íbúðabyggð á Gásum, og athugasemda frá Ríkarði G. Hafdal o.fl. og Gígju Snædal o.fl. vék Oddur Gunnarsson af fundi. Guðmundur Víkingsson tók sæti hans.“

Með bréfi Hörgárbyggð til Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2008 var óskað eftir afgreiðslu aðalskipulagsins til staðfestingar ráðherra. Í svarbréfi Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2008 voru gerðar eftirfarandi athugasemdir. Afgreiðsla Hörgárbyggðar er síðan skáletruð.

Kafli 2.10.3, framkvæmdir vegna íbúðabyggðar í landi Gása og frístundabyggð í landi Krossastaða falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum vegna úrskurðar umhverfisráðherra í sambærilegu máli frá 21. maí 2007.

Verður fellt út úr kafla 2.10.3 í greinargerðinni.

Stefna um íbúðarsvæði á Gásam virðist almennt ekki falla að markmiðum sveitarfélagsins um hagkvæma þróun byggðar og íbúðabyggðin er nærri merkmum fornminjuna.

Í kafla 2.5.3 er útskýring sveitarstjórnar á því hvers vegna fallist er á íbúðabyggð á þessu svæði og ennfremur er vísað í lið 5. hér að neðan þar sem fjallað er um afgreiðslu umhverfisskýrslu eftir auglýsingu. Við útfærslu á deiliskipulagi fyrir svæðið verður betur farið í afmörkun á byggingarsvæðinu þar sem tekið verður tillit til nálægðar við minjasvæðið og væntanlega uppbyggingu þar.

Framboð á íbúðarlóðum er margföld framreiknuð þörf á íbúðum.

Í köflum 4.1.1 og 5.2 er gerð grein fyrir hvers vegna lagt er til þetta aukna framboð á íbúðarlóðum.

Dreifbýlishlutinn. Ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum en vöntun á byggingarlandi í dreifbýli hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðarþróun í Hörgárbyggð. Til að koma til móts við eftirspurn eftir byggingarlóðum á svæðinu eru nefndir tveir staðir í dreifbýli Hörgárbyggðar þar sem uppbygging skal fara fram á skipulagstímanum þ.e. á Blómsturvöllum og við Gásir.

Þéttbýlishlutinn. Á sama hátt hefur verið vöntun á byggingarlandi í þéttbýli sem hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðarþróun í Hörgárbyggð. Vegna nálægðar við Akureyri og hversu forsendur geta auðveldlega breyst t.a.m. vegna fjölgunar atvinnutækifæra og annarra þátta þá eru sýnd stærri svæði en íbúaspar gera ráð fyrir.

Lagfæring á uppdrætti. Vantar tákni fyrir stofnæðar fráveitu á sveitarfélagsuppdrátt og skýringu fyrir verndun strandsvæða.

Skýringar verða færðar inn á uppdráttinn og skilgreiningu á verndun strandsvæða í kafla 4.2.4.

Til viðbótar verður afmörkun á náttúruverndarsvæði við Hörgárósa lagfært til samræmis við afmörkun á heimasíðu Umhverfisstofnunar en á uppdrættinum þá var sýnd afmörkun eins og hún var á svæðisskipulagi Eyjafjarðar.

1.8. Kortagrunnar og uppdrættir

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000 og Loftmynda ehf.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

Nr. 1. Sveitarfélagsuppdráttur af Hörgárbyggð, mkv. 1:50.000.

Nr. 2. Þéttbýlisuppdráttur af Lónsbakka, mkv. 1:10.000.

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum uppdráttum í mkv. 1:200.000. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdráttar og skipulagsuppdráttar. Skýringaruppdrættirnir eru eftirfarandi og eru felldir inn í greinargerðina í viðauka II:

- I. Gróðurkort
- II. Landbúnaður og skógrækt
- III. Skipting eftir búrekstri
- IV. Minjar
- V. Samgöngur
- VI. Göngu- og reiðleiðir
- VII. Þekkt ofanflóðasvæði
- VIII. Ferðapjónusta
- IX. Svæðisskipting
- X. Möguleg byggingarsvæði.

Skýringaruppdráttur X sýnir möguleg byggingarsvæði til lengri framtíðar í þeim hluta sveitarfélagsins sem er næst Akureyri og er niðurstaða samstarfshóps sveitarfélaganna um þróunar byggðar og vegtenginga á sveitarfélagsmörkum.

Sveitarfélagamörk eru tekin af uppdrætti svæðisskipulags Eyjafjarðar.

2. UMHVERFISSKÝRSLA

2.1. Umhverfismat skipulagsáætlunar

Með Ríó-yfirlýsingunni frá 1992, sem Ísland er aðili að, voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur er varða samskipti manns og umhverfis sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun er sú þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða. Í Ríó-yfirlýsingunni voru settar fram fjórar meginreglur sem styrkja ættu stoðir sjálfbærrar þróunar, réttindayfirlýsingar, varúðarreglan, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Með yfirlýsingunni voru þær skyldur lagðar á herðar ríkisstjórna að vinna að eigin framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) í umhverfismálum. Sveitarstjórnir er hvattar að vinna að staðbundinni framkvæmdaáætlun sem nefnd er Staðardagskrá 21.

Í Dagskrá 21 eru nefndar 5 megináherslur sem skulu vera ráðandi við stefnumörkun og ákvarðanatöku um þróun byggðar og samfélags sem stuðli að sjálfbærri þróun. Í aðalskipulagsgerð er hægt að styðjast við þessar áherslur¹.

- Heildarsýn og þverfagleg nálgun
- Virk þátttaka íbúa
- Vistkerfisnálgun
- Hnatræn sýn
- Langtímasýn

Viðfangsefni og ferli aðalskipulags og Staðardagskrár geta skarast þegar unnið er að skilgreiningu viðfangsefna og vandamála og setningu markmiða. Í framfylgd stefnunnar með framkvæmdaáætlunum skiljast leiðir, því ekki er gert ráð fyrir að nákvæm framkvæmdaáætlun sé hluti af aðalskipulagi. Staðardagskrá nýtist síðan sem liður í því að framfylgja stefnu aðalskipulags.²

Sumarið 2005 ákvað sveitarstjórn Hörgárbyggðar að mótuð yrði Staðardagskrá fyrir sveitarfélagið. Í drögum að Staðardagskrá sem kynnt voru á íbúafundi 16. janúar 2006 kemur fram að ákveðið var að taka eftirtalda málaflokka fyrir:

- Atvinnulíf
- Drykkjarvatn-heitt vatn

¹ Skipulagsstofnun, 2003, Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

² Sama

- Náttúrumengun og umhverfismál
- Skipulagsmál
- Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum
- Skógrækt
- Neysla og lífstíll
- Fjölskyldumál
- Umferð og flutningar

Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð var staðfest af sveitarstjórn 10. maí 2006.

2.2. Tilgangur umhverfismats

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að framfylgja þeim lögum og reglugerðum sem gilda en þau eru: Lög um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana 105/2006 og skipulags- og byggingarlög 73/1997 en samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skal leggja mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags og einstakra stefnumiða aðalskipulags, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horfa skal á hvaða stefnumið þau eru sem vert þykir að meta m.t.t. til umhverfisáhrifa en þá eru þau atriði tekin sem talin hafa mest áhrif á umhverfið eða önnur stefnumið þar sem óbein áhrif eða samlegðaráhrif með öðrum stefnumiðum geta haft veruleg áhrif á umhverfið.

Ákveða þarf hvaða umhverfisþættir eru notaðir og var leiðbeiningarskjal Skipulagsstofnunar (Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana heildardrög 2) haft til hliðsjónar um val á umhverfisþáttum sem og hvaða viðmið voru lögð til grundvallar á umhverfismati skipulagsáætlunarinnar. Einnig var stuðst við tilskipun ESB 401/2006, en þar eru sett fram umhverfisviðmið sem lögð skulu til grundvallar í matinu.

Þegar lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunnar getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, leiði umhverfismatið í ljós óæskileg umhverfisáhrif tiltekinna stefnumiða.

Matslýsing þar sem kynnt var hvernig fyrirhugað væri að standa að umhverfismati aðalskipulags Hörgárbyggðar, var kynnt með fyrstu drögum að aðalskipulagi á íbúafundi 15. febrúar. 2007.

Áriðandi er að mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar fari fram á vinnslustigi skipulagsgerðar og áhrifin metin áður en ákvörðun um tillögur er tekin. Með þeim hætti er tryggt að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við stefnumörkun í aðalskipulagi. Umhverfismat skipulagstillögunnar getur eingöngu þjónað sem aðdragandi að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en getur ekki komið í stað þess.

2.3. Aðferðir og framsetning umhverfisskýrslu

Umfang umhverfismats

Í upphafi umhverfismats þarf að taka afstöðu til þess hvort umhverfismatið eigi að beinast að tilteknum stefnumiðum aðalskipulagsins öðrum fremur og í hvaða tilvikum tilefni sé til að bera saman ólíka stefnukosti m.t.t. umhverfisáhrifa.

Umhverfisþættir

Með hugtakinu umhverfisþáttur er átt við tiltekna þætti, s.s. gróðurfar eða landslag, sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagstillögu og taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulaginu. Í upphafi umhverfismats þarf að ákveða hvaða umhverfisþættir verða lagðir til grundvallar við umhverfismat aðalskipulagstillögu hverju sinni, að teknu tilliti til viðfangsefna aðalskipulags og aðstæðna í sveitarfélaginu. Í umhverfismati er, auk áhrifa á náttúrufar, einnig litið til áhrifa á samfélag og efnahag. Sem dæmi um þetta má taka kafla 2.5 en þar eru metin áhrif af almennum stefnumiðum sveitarfélagsins hvað varðar þróun íbúðabyggðar út frá fjórum skilgreindum umhverfisþáttum :

- hagrænir og félagslegir
- náttúrufarslegir
- heilsu- og öryggis sjónarmið
- náttúru og menningarminjum

Umhverfisviðmið

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg. Í upphafi umhverfismats þarf að taka saman hvar fyrir liggur stefna stjórnvalda um viðkomandi málaflokka sem leggja ber til grundvallar umhverfismatinu sem umhverfisviðmið. Í viðauka er að finna nánari útskýringar á einstökum viðmiðum sem lögð voru til grundvallar í matinu.

Tafla 1 Umhverfisiðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Stefna	Umhverfisiðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með seinni breytingum. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með seinni breytingum. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með seinni breytingum. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 með seinni breytingum.
Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 Reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
Skipulagsáætlun	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
Annað	Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð, maí 2006. Greining á áhrifum með gátlistum og rýni ýmissa skipulagsgagna. Leiðbeiningar skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana og flokkun umhverfisþátta.

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök og skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér aðeins aftar. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Hvernig hefur verið unnið að umhverfismati aðalskipulagsins

Umhverfismatið hefur verið unnið af Landmótun í samvinnu við Hörgárbyggð. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags (Einkenni og vægi umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Flokkun umhverfisþátta, drög 30/6 2005, Viðmið umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Dæmi um framsetningu í matskýrslu, drög 30/6 2005, Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana-drög, júlí

2006). Einnig var unnin landslagsgreining af skipulagssvæðinu þar sem einsleit landnotkunarsvæði voru skilgreind og var sú vinna notuð við umhverfismatið. Um niðurstöður svæðisskiptingar má lesa í kafla 2.4.1.

Framsetning umhverfismats aðalskipulags Hörgárbyggðar


Við mat á áhrifum stefnumiða eru notaðar eftirfarandi vægi umhverfisáhrifa:

++	Stefna aðalskipulags hefur veruleg jákvæð áhrif
+	Stefna aðalskipulags hefur talsverð jákvæð áhrif
0	Stefna aðalskipulags hefur óveruleg áhrif
-	Stefna aðalskipulags hefur talsverð neikvæð áhrif
--	Stefna aðalskipulags hefur veruleg neikvæð áhrif
?	Stefna aðalskipulags hefur óviss áhrif

Umhverfismatið er sett fram í venslatöflum þar sem stefnumiðin eru metin m.t.t. til umhverfisþátta og svo er útskýring á niðurstöðunum í texta.

Einstök stefnumið (markmið) voru valin með tilliti til þess hvar gert er ráð fyrir mestum vexti í sveitarfélaginu og þar með hvar búast má við mestum áhrifum á umhverfið. Samanburður á valkostum er tekinn fyrir þar sem aðrir valkostir en núllkostur komu til greina. Í köflum 2.5.-2.9. er fjallað um helstu umhverfisáhrif einstakra stefnumiða sem aðalskipulag Hörgárbyggðar felur í sér:

1. Stefnumið fyrir íbúðasvæði.
2. Stefnumið fyrir svæði fyrir frístundabyggð.
3. Stefnumið fyrir verndarsvæði.
4. Stefnumið fyrir rafveitu.
5. Stefnumið fyrir landbúnaðarsvæði



Mynd 2. Svæðisskipting aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006-2026.

2.4. Umhverfismat skipulagsáætlunar

2.4.1. Svæðisskipting

Í samvinnu við Búgarð var sveitarfélaginu skipt niður í tiltölulega einsleit svæði út frá núverandi landnýtingu. Tilgangurinn var að leggja mat á mögulega og æskilega landnotkun eftir svæðum.

Svæði 1: Kræklingahlíð frá mörkum við Akureyri að Moldhaugum og Glæsibæ.

Núverandi landnýting:

Landbúnaðarframleiðsla, s.s. mjólkurframleiðsla, sauðfjárbúskapur og kartöflurækt. Tiltölulega þétt byggð, jarðir langar og mynda mjóar reinar frá sjó upp á fjallshryggi. Frístundabyggð er nokkur meðfram ströndinni.

Skógræktarskilyrði:

Skógrækt er nokkur í efri hluta hliðarinnar en á þessu svæði eru skógræktarskilyrði mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag enda veðursæld mikil með frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á vaxtartíma. Frekar snjópungt er á þessu svæði.

Framtíðarsýn

Fyrirséð er að á svæðinu verði samdráttur í landbúnaði vegna á stærðar og lögunar jarða og vegna ásóknar í íbúðarlóðir og nálægðar við Akureyri.

Svæði 2: Frá og með Moldhaugum og Glæsibæ að Djúpárbakka og Grjótgarði.

Núverandi landnýting:

Mjólkurbúskapur á öllum bæjum nema einum þar sem er sauðfjárbúskapur og jarðir eru mjög stórar. Á Gásum eru merkar fornminjar um Gásakaupstað en þar er fyrirhuguð mikil uppbygging.

Skógræktarskilyrði:

Skógræktarskilyrði eru mjög góð og þar vaxa allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag en veðurfar einkennist af frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á vaxtartíma og frekar snjópungt. Hafáttar gætir hér meira en á hinum svæðunum.

Framtíðarsýn:

Vegna þess hversu jarðir eru stórar er svæðið vel fallið til landbúnaðarnota. Uppbygging á Gásakaupstað gefur mikla möguleika í menningartengdri ferðaþjónustu sem og á Skipalóni, Dagverðareyri og Hlíðum.

Svæði 3: Þelamörk frá og með Grjótgarði og Djúpárbakka að Skógum.

Núverandi landnýting:

Landbúnaður er á undanhaldi, búskapur er stundaður á þremur jörðum. Á tveimur er mjólkurbúskapur en sauðfjárbúskapur á þeim þriðja. Vatnsból Akureyrar er á Vaglaeyrum.

Skógræktarskilyrði:

Skógrækt er mikil sem og nokkur frístundabyggð. Skógræktarskilyrði eru mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag en veðurfar einkennist af frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á vaxtartíma.

Framtíðarsýn:

Hugsanleg þéttbýlismyndun á Laugalandi við Þelamerkurskóla og þar með betri nýting á sundlaug og öðrum mannvirkjum á svæðinu. Möguleiki á opnum skógum á svæðinu til að auka útivistar og fræðslugildi.

Svæði 4: Þelamörk frá og með Skógum og Öxnadalur að Hraunshöfða

Núverandi landnýting:

Búskapur á þessu svæði er mjólkurbúskapur, sauðfjárbúskapur, blönduð bú og annar búskapur sér í lagi hrossarækt.

Skógræktarskilyrði:

Skógrækt er nokkur en vöxtur trjáa sennilega minni en á svæðum 1,2,3 og 6 vegna þess að landið liggur hærra yfir sjó og vaxtartími styttri. Hins vegar eru umhley핑ar minni á veturna sem getur verið jákvætt fyrir einstakar tegundir í skógrækt.

Framtíðarsýn:

Stofnaður hefur verið fólkvangur í landi Hrauns í Öxnadal vegna sögu- og náttúruminja. Honum er lýst í kafla 2.4.1.

Svæði 5: Fremsti hluti Hörgárdals framan Barkár, ásamt Staðartungu, Miðhálsstöðum og Hraunshöfða

Núverandi landnýting:

Mestmegnis sauðfjárbúskapur og einhver blandaður búskapur. Skógrækt og frístundabyggð er á afmörkuðum svæðum.

Skógræktarskilyrði:

Skógrækt er nokkur en skógræktarskilyrði eru nokkuð verri en á svæðum 2, og 6 þar sem það liggur hærra en hin. Vaxtartími er því styttri og vetur kaldari með meiri fjarlægð frá sjó. Víða er að finna náttúrulegt birki víða í giljum inn eftir Hörgárdalnum.

Framtíðarsýn:

Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar koma göng frá Hjaltadal yfir í Barkárdal.

Svæði 6: Vesturhluti Hörgárdals neðan Barkár að sveitarfélagamörkum

Núverandi landnýting:

Mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur, mestmegnis blönduð bú.

Skógræktarskilyrði:

Skógræktarskilyrði eru mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag enda veðursæld mikil með frekar löngum og mildum sumrum og þegar nær dregur sjó minnkar frosthættan á vaxtartíma.

Framtíðarsýn:

Elsti varðveitti trjágarður á Íslands er í Skriðu. Fjölbreyttar minjar og áframhaldandi blandaður búskapur.

Svæði 7: Svæði yfir 400 m y.s.*Núverandi landnýting:*

Opin óbyggð svæði þar sem landnotkun er mestmegnis afréttar- og beitarlönd.

Skógræktarskilyrði:

Svæðið er ofan þeirra marka sem Norðurlandsskógar skilgreina fyrir skógrækt.

Framtíðarsýn:

Útvist og gönguleiðir til aðliggjandi byggða. Auk hefðbundinna afréttarnota eru miklir möguleikar fólgnir í aukinni útvist í tengslum við gönguleiðir um fjalllendið og til aðliggjandi byggða. Tenging við útvistarsvæði í Hlíðarfjalli og Vindheimajökulssvæðið.

2.5. Stefnumið fyrir íbúðarsvæði

Þéttbýliskjarni Hörgárbyggðar heitir Lónsbakki. Markmið (stefnumið) sveitarfélagsins fyrir íbúðabyggð er að stuðla að hagkvæmri þróun hennar. Hér fyrir neðan birtist mat á áhrifum almennra stefnumiða aðalskipulags hvað varðar áðurnefnda fjóra þætti, (s.b.r. kafla 2.3) á íbúðabyggð í dreifbýli.

Íbúðabyggð í dreifbýli (sjá kafla 4.1.1)	Umhverfisþættir				
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar	
	Umhverfisviðmið				
	Efnahagur og atvinnulíf, íbúðapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar	
Almenn stefnumið	+	0	0	0	?

Þeir þættir sem stefnumiðin hvað varðar íbúðabyggð hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á lúta fyrst og fremst að íbúðapróun, samfélagsgerð, aðgengi að þjónustu, ásýnd íbúðabyggðar og byggðamynstri. Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 eru líkleg til að stuðla að íbúafjölgun á skipulagstímabilinu. Uppbygging og líklegur aðflutningur íbúa veldur aukinni eftirspurn eftir opinberri þjónustu, s.s. félagsþjónustu, þjónustu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu og öldrunarþjónustu. Samkvæmt spá aðalskipulagsins er gert ráð fyrir fjölgun skólabarna sem kallar á áframhaldandi uppbyggingu skólahúsnæðis. Að öðru leyti má búast við að

samfélagsgerðin breytist lítið. Nálægðin við Akureyri gerir það að verkum að eftirspurn eftir lóðum er mikil í sveitarfélaginu.

Einna helst gætir sjónrænna áhrif á landslag vegna aukinnar uppbyggingar á svæðinu. Áhrif á náttúrufarslega þætti eru talin vera óveruleg enda svæðin sem ætluð eru undir íbúðabyggð í flestum tilfellum melar eða beitarlönd og í sumum tilfellum tún. Stefnan er þó að skerða sem minnst landsvæði sem hefur verndargildi vegna náttúrufars eða þjóðminja og búsetulandslags. Einnig er þess gætt að gott landbúnaðarland verði ekki tekið undir íbúðabyggð. Er þessu í flestum tilfellum fylgt eftir nema við uppbyggingu íbúðarbyggðar við Gása þar sem tún eru tekin undir byggð.

Áhrif á heilsu og öryggi eru talin vera óveruleg og áhrif á náttúru- og menningaminjar eru óveruleg enda þess gætt að minjum verði ekki raskað.

2.5.1. Tillögur að mótvægisáðgerðum

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð. Ekki eru settar fram neinar mótvægisáðgerðir gagnvart íbúðarbyggð á Lónsbakka þar sem það svæði er ekki talið hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Gæta skal að því að við gerð deiliskipulags fyrir byggð í landi Brávalla að ekki sé farið inn á hverfisverndarsvæði H2 „*Krossanesborgir og strandlengjan*“. Skal framkvæmdaaðili og sveitarstjórn tryggja það að ekki verði gengið nærri því svæði. Fyrir íbúðarbyggð í landi Gása setur sveitarstjórn þau skilyrði að við gerð deiliskipulags af svæðinu skal til hlítar gæta þess að ásynd íbúðarbyggðar falli sem best að landi og hafi sem minnst áhrif á nærliggjandi minjasvæði og svæði á náttúruminjasvæði. Þess verði gætt að uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða, þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúrverndarlaga, verði ekki skert. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu.

2.5.2. Valkostir


Í vinnu við aðalskipulagið voru lögð til grundvallar fjögur svæði og þau athuguð með tilliti til uppbyggingar þéttbýlis : Lónsbakki, Laugaland, Blómsturvellir og Brávellir og loks Gásir. Í töflu hér að neðan eru þessi fjögur svæði borin saman, auk núllkosta. Í honum felst að ekki er gert ráð fyrir þéttbýlismyndun í Hörgárbyggð.

- **Valkostur 1.** Uppbygging Lónsbakka.
- **Valkostur 2.** Uppbygging við Laugaland.
- **Valkostur 3.** Uppbygging á Blómsturvöllum og Brávöllum.
- **Valkostur 4.** Uppbygging á Gásum.
- **Valkostur 5.** Núllkostur

Valkostir	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, íbúðapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
1. Lónsbakki	++	0	-	0
2. Laugaland	+	+	-	0
3. Blómsturvellir og Brávellir	++	0	-	0
4. Gásir	+	0	-	-
5. Núllkostur	-	+	0	0

Lónsbakki-helstu áhrif

Svæðið norðan við Lónið gengur undir nafninu Lónsbakki. Þar hefur orðið nokkur uppbygging á síðastliðnum árum og stefna aðalskipulags um áframhaldandi uppbyggingu á þessu svæði hefur verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Á staðnum er leikskóli sveitarfélagsins og eftirspurn eftir lóðum á svæðinu er mikil. Þar skiptir nálægðin við Akureyri miklu máli. Fráveita mun tengjast rotþró sem staðsett verður sunnan við hverfið. Á svæðinu er landbúnaður á undanhaldi þannig ekki er verið að þrengja að honum. Ekki eru neinar fornleifar á svæðinu sem eru í hættu vegna íbúðabyggðar. Byggingarlandið sem um ræðir er í dag að stórum hluta notað sem beitarland fyrir hross og að litlum hluta sem tún. Gott byggingarland er á 5 ha svæði sunnan við núverandi byggð.



Mynd 3. Tillaga að íbúðarsvæði við Þelamörk.

Aðkoma að svæðinu í dag er ekki góð. Tenging er beint við Þjóðveg 1 og aukin umferð um þá tengingu hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi á svæðinu og leita þyrfti því annarra leiða til að tengja svæðið við umferðarkerfið. Hugmyndir eru um tengingu við Akureyrarbæ um fyrirhugað athafnasvæði vestan Hlíðarbrautar eða tengingu við Austursíðu. Við það yrði tenging við svæðið mjög góð.

Verið er að bæta við núverendi byggingarsvæði og er því ekki verið að taka ný landsvæði undir íbúðabyggð þannig að byggðamynstur í sveitarfélaginu breytist ekki og má segja að byggðin sé eðlilegt framhald byggðar á Akureyri.

Laugaland-helstu áhrif

Stefna aðalskipulags um íbúðabyggð við Laugaland hefur verulega jákvæð áhrif á þau viðmið sem höfð eru til grundvallar um mat á áhrifum skipulagsins á hagræna og félagslega þætti. Stefna Hörgárbyggðar er að geta boðið upp á fleiri lóðir og þannig nýta betur þau mannvirki sem eru á staðnum t.a.m. skólahúsnæði og sundlaug. Áhrifin á náttúrfarslega þætti sem hafðir eru til viðmiðunar eru óveruleg. Landið sem áætlað er til uppbyggingar er í dag að stórum hluta efnistökusvæði og er því raskað land og hefur því nýting þess með þessum hætti frekar jákvæð áhrif heldur en neikvæð. Landið stendur í meiri halla en Lónsbakki.

Vegna aukinnar umferðar eru áhrifin talsvert neikvæð þegar kemur að heilsu og öryggisþáttum enda hefur aukin umferð meiri mengum og slyshættu í för með sér. Nálægð við útivistarskóga sem eru hinum megin við Hringveginn er verulega jákvæður kostur en bæta þarf aðgengi að honum en uppi eru hugmyndir um undirgöng frá Þelamerkurskóla.

Möguleikar til uppbyggingar á íbúðasvæði í framtíðinni eru takmarkaðir þar sem Hringvegurinn og Hörgá þrengja að frekari uppbyggingu. Líta ber því á þetta svæði sem valkost númer 2 fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar. Stefna aðalskipulags hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningaminjar en engar minjar eru á því svæði sem ætlað er til uppbyggingar. Byggðamynstur í sveitarfélaginu breytist þar sem ásýnd vegna íbúðarbyggðar verður önnur en það landbúnaðaryfirbragð sem er á umræddu svæði. Aðkoman að svæðinu er ekki góð þar sem keyrt er beint inn á Þjóðveg 1 en ekki er talið æskilegt að fjölga tengingum við hann af umferðaröryggislegum ástæðum og þyrfti því að kanna aðrar leiðir t.a.m. hliðarvegi.

Blómsturvellir og Brávellir-helstu áhrif

Einn valkostur er uppbygging svæðis frá Hringveginum niður að sjó í landi Blómsturvalla og Brávalla. Landstærð er samtals um 63 ha sem geta nýst í framtíðinni sem byggingarland. Um er að ræða rýrt landbúnaðarland og einungis lítil hluti þess eru tún. Helst eru þetta melar og mólendi sem notað hefur verið sem beitarland eða aflagt landbúnaðarland. Jarðvegsdýpt er mun hagstæðari á þessu svæði en t.a.m. á Lónsbakka og innan þessa svæðis eru stórar malarnámur þannig að land er þegar raskað á stórum svæðum.

Helstu kostir þessa svæðis er fjölbreytt landslag, tengsl við sjóinn og fólkvangurinn í Krossanesborgum.

Áhrif á byggðamynstur sveitarfélagsins eru á þessu svæði því ekki eins mikil eins og ef frekari uppbygging ætti sér stað við Laugaland. Í nánd við Akureyri er landbúnaður í Hörgárbyggð á undanhaldi og myndi frekari byggð á svæðinu vera í beinu framhaldi við byggð á Akureyri og mynda ásamt henni samfellda heild. Óveruleg áhrif verða á menningaminjar enda verði þess gætt að þeim verði ekki raskað. Áhrif á náttúrfar og gróðurfar eru talin vera óveruleg. Helstu áhrif verða þó á fuglalíf á svæðinu. Talsverð neikvæð áhrif verða á heilsu og öryggi manna þá einna helst vegna aukinnar umferðar og mengunar frá bílaumferð.


Líta ber á þetta svæði sem eðlilegt framhald þéttbýlismyndunar við Akureyri þar sem nálægðin er mikil. Með tíð og tíma gæti orðið til skólahverfi í samstarfi við Akureyrarbæ. Stærð svæðisins kallar einnig á aukna þjónustu og er því gert ráð fyrir svæðum fyrir verslun og þjónustu og svæðum fyrir þjónustustofnanir. Einnig er gert ráð fyrir hverfisvernd á svæði sem er í beinu framhaldi af Krossanesborgum. Má líta á þá aðgerð sem nokkurs konar mótvægisáðgerð við það land sem ætlað er undir íbúðarbyggð.

Gásir-helstu áhrif

Í janúar 2007 fékk Hörgárbyggð fyrirspurn frá landeiganda Gása um byggingu um 40 íbúða á um 58 ha svæði. Þetta yrðu stórar lóðir allt að 1 ha. Þannig að teknir yrðu um 40 ha undir íbúðabyggð. Byggingarland er gott vegna hagstæðrar jarðvegsdýptar.

Áhrif á hagræna og félagslega þætti umhverfisins yrðu talsvert jákvæð þar sem tekið er undir stefnu sveitarfélagsins um aukið lóðafraumboð. Svæðið er nálægt sjó þannig að verið er að bjóða upp á stórar sjávarlóðir sem vitaskuld eru eftirsóttar. Sjónræn áhrif á landslag yrði nokkur enda myndi ásýndin breytast úr landbúnaðarlandi yfir í dreifiða íbúðabyggð, áhrifin eru þó minni en þegar byggð er þéttari.

Tengsl við minjasvæði að Gásum geta verið jákvæð þegar horft er á afþreyingargildi svæðisins. Aftur á móti þá geta áhrifin líka verið neikvæð ef horft er til sjónrænna áhrifa. Það gæti skemmt fyrir heildarmynd tilgátusvæðisins að hafa íbúðarbyggð svo nálægt.



Mynd 4. Tillaga að íbúðarsvæði við Blómstur- og Brávelli.




Mynd 5. Tillaga að íbúðarsvæði við sunnan Gása.

Nálægð við annan landbúnað getur líka verið truflandi þá sér í lagi á vorin vegna áburðar lífræns úrgangs á tún. Á því svæði sem um ræðir eru ekki neinar fornminjar og eru því áhrif á náttúru og menningaminjar lítil eða óveruleg. Áhrif á heilsu og öryggi eru einnig talin vera óveruleg en þó mun umferð aukast um Dagverðareyrvæg.

Svæðið yrði tiltölulega dýrt í uppbyggingu og alla þjónustu yrði að leita utan svæðis. Verið er að taka gott landbúnaðarland úr landbúnaðarnotum. Við aðalskipulagsvinnu fór fram gróf landslagsgreining og samkvæmt henni er þetta svæði eitt af besta landbúnaðarlandið í sveitarfélaginu, sjá kafla 1.3.

2.5.3. Niðurstaða mats



Á heildina lítið eru markmið og leiðir í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026, sem snúa að þróun íbúðabyggðar líkleg til að hafa áhrif á íbúafjölda og þróun byggðar. Með fyrirhugaðri íbúðabyggð eru skapaðar forsendur fyrir góðu framboði á lóðum í samræmi við markmið.

Mikil þétting byggðar í sveitarfélaginu getur haft áhrif á heildaryfirbragð og upplifun sveitarfélagsins sem landbúnaðarhérað og því ekki talin æskileg. Helsti styrkleiki svæðisins sem búsetukostur er yfirbragðið og skal gæta þess að rjúfa ekki þau tengsl en með því að sýna varkárni við skipulag og uppbyggingu íbúðabyggðar í sveitarfélaginu, t.a.m. með mótvægisáðgerðum, má draga úr þeirri röskun.

Þegar bornir eru saman þeir fjórir valkostir sem til greina koma þá er útkoman á þá leið að vænlegast er að halda áfram með þéttbýlismyndun á Lónsbakka. Þar sem land þar er af skörum skammti þá er rétt að gera ráð fyrir uppbyggingu á um 7,7 ha svæði í landi Blómsturvalla enda eðlileg þéttbýlisþróun í framhaldi af Lónsbakka og Akureyrarbæ. Umhverfisáhrif eru því jákvæð ef horft er til þróunar íbúðabyggðar á Lónsbakka og við Blómsturvelli og Brávelli og ekki er verið að taka mikilvægt landbúnaðarland úr notkun. Í matinu voru metin umhverfisáhrif svæðisins í landi Blómsturvalla og Brávalla í heild sinni. Miðað við íbúaspá, sem gerir ráð fyrir 2,5% fjölgun á skipulagstímabilinu 2006-2026 er ekki þörf á svo stóru svæði undir íbúðarbyggð. Því gerir tillagan ráð fyrir 7,7 ha íbúðarbyggð niður við strönd í landi Blómsturvalla. Líta má á hin svæðin sem framtíðaríbúðarsvæði eftir skipulagstímann og ef forsendur breytast um uppbyggingu á svæðum fyrir íbúðarbyggð.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun varðandi íbúðarbyggð í aðalskipulagi 2006-2026 þ.e. byggð á Lónsbakka og í landi Brávalla ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu og styður í flestum tilfellum þau viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu (sjá viðauka 1). Annað gildir um Gása en þann 21. nóvember 2007 ákvað sveitarstjórn eftirfarandi vegna íbúðarbyggðar í landi Gása:

„Sveitarstjórn Hörgárbyggðar samþykkir að í tillögu að aðalskipulagi Hörgárbyggðar verði um 58 ha af jörðinni Gásam skilgreint sem íbúðabyggð í dreifbýli, þar sem gert verði ráð fyrir 40-50 íbúðarhúsum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að undirbúa samningsgerð við landeiganda um aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu og rekstri íbúðabyggðarinnar á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga.“

Röksemdir sveitarstjórnar fyrir íbúðabyggð í landi Gása voru eftirfarandi: að eftirspurn er eftir slíkum lóðum. Um er að ræða gott byggingarland og getur íbúðasvæðið dregið úr eftirspurn eftir enn stærri lóðum. Dæmi er um eftirspurn eftir jörðum, sem eru tugir hektara, fyrir eina íbúð. Íbúðasvæðið getur dregið úr líkum á því að slíkt svæði verði byggt lengra frá helstu þjónustubáttum.

Þéttbýlismyndun í innanverðum Eyjafirði á næstu áratugum mun væntanlega aðallega eiga stað á svæðinu norðan við Akureyri, þannig að smám saman mun styttest í þjónustu fyrir þá sem búa á svæðinu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu og minjavörslu í nágrenninu og íbúðabyggðin getur í einhverjum tilvikum stytt vegalengdir fyrir vinnusókn starfsmanna þar. Á móti kemur að byggingarlandið er jafnframt landbúnaðarland sem getur staðið undir allt að meðalbúi. Lengra er í daglega þjónustu en frá Lónsbakka.

2.6. Stefnumið fyrir frístundabyggð

Frístundabyggð (sjá kafla 4.1.7)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, íbúðarþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn stefnumið	++	-	0	0

Mörg svæðanna sem tekin eru undir frístundabyggð eru á landbúnaðarsvæðum sem skerðast því nokkuð. Þó er ekki um tún eða land sem þykir ákjósanlegt til landbúnaðarnota að ræða, heldur mela eða beitarlönd sem bændur eru að reyna að koma í verð.

Nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir. Svæðin taka oft breytingum vegna aukinnar ræktunar trjáplantna sem og uppbyggingu mannvirkja á frístundabyggðasvæðum t.a.m. húsa og vega. Lítil áhrif verða á vatnafar enda gerðar strangar kröfur varðandi frágang rotþróa og svæðin ekki staðsett á votlendissvæðum. Lítil sem engin áhrif verða á loftgæði og hljóðvist fyrir utan aukna umferð um stærri svæði og þá sér í lagi á álagstímum.

Tillagan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag enda styður það við byggingarstarfsemi og ýmsar greinar atvinnulífs á svæðinu. Áhrifin eru nokkur á samgöngur og öryggismál þar sem umferð eykst

með fjölgun frístundabyggða í sveitarfélaginu. Lítil áhrif verða á náttúru- og menningaminjar enda verði þess gætt að minjum sem geta fundist á fyrirhuguðum svæðum fyrir frístundabyggð, verði ekki raskað. Rétt er að undirstrika hér að við deiliskipulagsgerð einstakra svæða skal einnig fara fram deiliskráning fornminja og skrásetning náttúruminja á svæðinu.

2.6.1. Tillögur að mótvægisáðgerðum

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Þess verði gætt að uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða, þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og birkiskógar sem og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. Náttúrverndarlaga, verði ekki skert. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu. Framkvæmdaaðilar skulu gæta þess að við gerð deiliskipulags af svæðum fyrir frístundabyggð að fylgt verði eftir þeim kröfum sveitarstjórnar um mótvægisáðgerðir og leitað verði til viðeigandi aðila þess efnis.

Að lokum er hér minnt á að gæta skal þess að gott landbúnaðarland fari ekki undir frístundabyggð.

2.6.2. Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir				
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar	
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, líbúáþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>	
Minni svæði tekin undir frístundabyggð (<50 ha)	+	0	0	0	?
Stærri svæði tekin undir frístundabyggð (>200ha)	+	-	0	0	?

Stærri svæði-helstu áhrif

Oft eru stór svæði tekin frá fyrir frístundabyggð til að auka verðgildi jarðar. Yfirleitt eru stærri svæði hagkvæmari í rekstri þar sem samtenging við veitur og aðra þjónustu er arðbærari heldur en á minni svæðum og þar af leiðandi er þjónustustig hærra. Ókostur er að meiri hætta er á því í slíkum tilfellum að gott landbúnaðarland verði tekið úr landbúnaðarmotkun. Tengsl við náttúruna verða minni og meiri röskun verður á gróðurfari og dýralífi. Ásýnd af stærri svæðum er mun meiri í landslaginu.

Minni svæði-helstu áhrif


Minni svæði eru óhagkvæmari í rekstri þar sem dýrara er að tengjast veitum og þjónustustig verður minna. Tengsl við náttúruna er meiri og ásýnd minni í landslaginu og minna rask á gróðri og dýralífi.

Núllkostur-helstu áhrif

Ef áhrif núllkosta eru skoðuð þá ber helst að nefna að áhrif á náttúrufarslega þætti eru tvímælalaust jákvæð. Náttúran fær að þróast áfram án inngrips. Neikvæðu áhrifin eru hagræn eðlis þar sem auknum ferðamannastraumi fylgir tekjusköpun í sveitarfélaginu.

2.6.3. Niðurstaða mats

Niðurstaða matsins er að stefnumið fyrir frístundabyggð á eftir að hafa talsverð jákvæð áhrif í sveitarfélaginu, svo fremur að reynt verði að halda sjónrænum áhrifum bygginga og aukinnar trjáræktar í lágmarki og að framkvæmdir við veitur og vegi verði í sem mestri sátt við umhverfið. Frekar ber að stuðla að því að minna land verði tekið undir frístundabyggð heldur en stórt. Gætt verði að því að við framkvæmdir á frístundabyggðasvæðum gangi ekki á mikilvæg gróðursvæði og að vistkerfi og jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga haldist ósnortin.



2.7. Stefnumið fyrir verndarsvæði

(Landnotkun á verndarsvæðum)

Verndarsvæði (sjá kafla 4.2)	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, líbúapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn stefnumið fyrir verndarsvæði	++	++	++	++
Uppbygging á Gásum	++	0	-	++ 0
Efnistökusvæði á vatnsverndarsvæðum	+	0 -	0	0
Opið svæði til sérstakra nota	0	0 ?	0	0 ?
Samgöngur (Skriða-Björg)	0	0	+	0



Mynd 6. Frá Gásum. Mynd. Landmótun.

Nokkrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu sem eru innan verndarsvæða en stór hluti sveitarfélagsins er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar sem nær til alls vatnasviðs Hörgár. Stefna aðalskipulagsins um náttúruverndarsvæði styður markmið og stefnu laga um náttúruvernd og hefur jákvæð áhrif á meginmarkmið aðalskipulagsins um umhverfi og minjar. Þannig styðja stefnumið aðalskipulagsins viðmið um náttúrufar með áherslu á verndun og varðveislu náttúruminja og verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar m.a. með tillögu að hverfisverndarsvæðum í sveitarfélaginu með áherslu á náttúruvernd og útivist og vernd sögu- og menningarminja. Stefna aðalskipulagsins um þjóðminjaverndarsvæði styður þau viðmið að vernda og varðveita menningarsögulegar minjar, sem og að auðvelda aðgang þjóðarinnar að og kynni af minjum landsins.

Gásir

Nokkrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu sem eru innan verndarsvæða. Ein framkvæmdin er uppbygging þjónustumiðstöðvar og tilgátuþorps á Gásum en það svæði er á svæði sem er á náttúrminjaskrá. Stefna aðalskipulagsins um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar á Gásum mun hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti umhverfisins. Uppbygging tilgátuþorps og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn leiðir til aukins ferðamannastraums á svæðinu

sem kallar á aukna þjónustu. Áhrifin á náttúrfarslega þætti eru talin vera óveruleg þar sem við hönnun svæðisins verði þess gætt að svæðið falli vel að landslagi. Á svæðinu er fjölbreytt fuglalíf, votlendi og sjávarfítjar. Svæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífs en þar eru einnig sjaldgæfar plöntutegundir. Við Hörgárósa eru minjar um einn þekktasta verslunarstað Íslendinga frá miðöldum, Gásar. Við Hörgárósa er ein af fáum leirum í Eyjafirði. Svæðið er á eftirfarandi listum: Important Bird Areas in Europe (svæði nr. 049)6; Vatnavernd Náttúruverndarráðs (svæði A-18)8; Votlendisskrá Landverndar (svæði B-10)9; Yfirlit yfir helstu votlendi á Norðurlöndum, svæði (I-8)10, Sjávarlónaskrá Náttúruverndarráðs, svæði nr. 4711.

Gásir eru á tillögulista Íslands á heimsminjalista UNESCO12. Aukin straumur ferðafólks gæti þó haft áhrif á fuglalíf á svæðinu þar sem fuglalíf er mjög mikið á svæðinu í kringum ósa Hörgár. Hér er grágæsin nokkuð algeng en hún flokkast sem fuglategund í yfirvofandi hættu skv. Náttúrufræðistofnun Íslands. Með afmörkun stíga og almennri stjórnun gangandi umferðar um svæðið þá verður þess gætt að fuglalíf verði fyrir sem minnstu áhrifum og þá sér í lagi á varptíma. Á svæðinu eru einnig tvær sjaldgæfar tegundir plantna sem skilgreindar eru sem plöntur í yfirvofandi hættu, þ.e. maríulykill og flæðalófótur. Þess verði gætt að minnka áhættu á átroðningi gróðurs með afmörkun stíga. Áhrifin eru óveruleg á heilsu- og öryggisþætti umhverfisins. Helst ber þó að nefna aukna umferð rútubifreiða og almenn umferð sem hefur áhrif á umferðaröryggi á Dagverðareyruvegi. Áhrif á náttúru- og menningaminjar eru verulega jákvæð þar sem verið er að opna fyrir aðgengi að fornum menningaminjum en um leið er verið að vernda þau með því að afmarka þau svæði sem njóta verndar. Áhrif á náttúruminjar eru taldar vera óverulegar þar sem þess verður gætt við uppbyggingu svæðisins að umferð um svæðið hafi sem minnst áhrif á sjávarfítjar og leirur með markvissri afmörkun stíga og umferðarstýringu gangandi vegfarenda um svæðið.

Efnistökusvæði

Gert er ráð fyrir 12 efnistökusvæðum í Hörgárbyggð og eru 5 þeirra á skilgreind á fjarsvæði vatnsverndar. Fjórar þeirra (skilgreindar sem E7, E8, E9, E10 og E12 í kafla 4.1.5.) eru efnistökusvæði sem endurnýjast reglulega með framburði árinna og hefur því óveruleg áhrif á umhverfið. Náma E11 er aftur á móti náma þar sem verið er að vinna efni úr sethjalla frá ísaldarlokum og er því nokkuð greinilegt inngrip í landslag. Náman er staðsett við Hringveginn og sést því vel. Áhrif hennar á umhverfið eru helst sjónræn eðlis en áhrif á náttúrfar er óverulegt þar sem um ræðir ógróna mela (sjá mynd 5).

Opin svæði til sérstakra nota

Í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota við Vindheimajökul. Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og er skilgreint sem útivistarsvæði sem tengist skíðasvæðinu í Hlíðarfalli. Á svæðinu er ekki gert ráð fyrir miklum framkvæmdum en gert er ráð fyrir í tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíðarfjall að efsta mastur á fyrirhuguðum kláfi nái inn á svæðið. Gert er einnig ráð fyrir aðkomuvegum að því mastri. Gert er ráð fyrir rotþró á svæðinu við endamastrið. Að



Mynd 7. Efnistökusvæði E11, Neðri-Rauðalækur.
Mynd. Guðmundur Sigvaldason.



Mynd 8. Hörgárdalsvegur. Mynd. Landmótun.

öðru leyti mun núverandi landnotkun haldast óbreytt eða sem útivistarsvæði. Um svæðið liggur gönguleið frá Hörgárdal yfir í Eyjafjörð. Áhrifin á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar eru talin vera óveruleg eða óljós þar sem ekki eru til nægar upplýsingar til að meta áhrifin.

Vegir

Tillagan sýnir breytingu á Hörgárdalsvegi milli Skriðu í Hörgárbyggð og Bjargar í Arnarneshreppi. Um er að ræða enduruppbyggingu á tengivegi á 8,6 km kafla. Á 3,4 km kafla er vegurinn innan grann- og

fjarsvæðis vatnverndarsvæðisins á Vöglum. Veglínin mun að mestu fylgja núverandi vegi nema á kafla milli Hólskots og Skriðu, þar sem um nýtt vegstæði verður að ræða. Þeir þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum eru vegagerð og efnistaka. Um efnistöku hefur þegar verið fjallað hér að framan. Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi. Í þessu tilviki er verið að ræða um endurbyggingu á gömlum vegi og því áhrifin óveruleg.

Nýr vegur milli Hólskots og Skriðu hefur áhrif á gróin svæði og jarðmyndanir. Framkvæmdir geta líka haft áhrif á lífríki Hörgár og þar með veiði. Sjónræn áhrif verða nokkur af nýju vegstæði. Reiknað er með að á framkvæmdatímanum skapist 20 störf á meðan framkvæmdum stendur og því eru áhrifin jákvæð tímabundið en óveruleg að framkvæmdum loknum. Neikvæð áhrif á byggð eða aðra landnotkun í byggð eru talin óveruleg en þeirra gætir þó helst þegar nýr vegur þverar tún og beitolönd.

Nokkrar lagnaleiðir eru á áhrifasvæði vegarins, þ.e. hitaveita, jarðsími og raflína. Áhrif nýs vegar munu vera verulega jákvæð þegar horft er til þáttarins heilsa og öryggi. Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast eitthvað vegna umferðar þungra vinnuvéla og vegfarendur um Hörgárdalsveg munu verða fyrir tímabundnum áhrifum vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Slíkt mun hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma. Að framkvæmdum loknum verða áhrifin hinsvegar verulega jákvæð vegna öruggari og betri vegar með bundnu slitlagi og fækkunar einbreiðra brúa. Hljóð- og loftmengun miðað við núverandi ástand minnkar af sömu orsökum. Auk þessa er vegurinn færður fjær íbúðarhúsum. Eldra vegstæði mun nýtast sem reiðvegur og því mun öryggi hestamann aukast.

Landslagið á svæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði og liggur vegurinn ýmist milli túna eða beitolanda. Vegurinn mun hafa óveruleg áhrif á landslag á svæðinu þar sem landslagi hefur þegar verið raskað með núverandi vegi og búskap. Þar sem gert er ráð fyrir nýjum vegi mun verða rask á tünun og beitolandi. Sjónrænna áhrifa mun gæta af nýjum vegi þar sem hann mun liggja hærra í landinu en með réttum frágangi verður þess gætt að þau áhrif verði sem minnst. Áhrif á jarðmyndanir eru talin vera óveruleg þar sem vegurinn fylgir eldri veglínu að stórum hluta en þar sem gert er ráð fyrir nýjum vegi þá er verið að þvera tún og beitarlönd. Nýr vegur liggur hvergi um votlendi nema þar sem hann fer yfir Ytri- og Syðri Tunguár. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á grannsvæði vatnsverndar og vatnabúskap á svæðinu. Þar sem vegur vikur út af núverandi veglínu og liggur yfir tún og beitolönd mun gróður verða fyrir áhrifum annars eru áhrifin óveruleg. Tímabundin

áhrif geta verið á fuglalíf á framkvæmdatíma. Áhrif á menningaminjar eru óveruleg þar sem ekki er að finna fornleifar innan vegsvæðis samkvæmt aðalskráningu fornleifa.

Um áhrif háspennulína á fjarsvæði vatnsverndar má lesa í kafla 2.8.

2.7.1. Tillögur að mótvægisaðgerðum

Til þess að draga úr mögulegu raski og stýra frekari aðgerðum og umgengni sem geta til lengri tíma haft áhrif á landslag Hörgárbyggðar gerir aðalskipulag 2006-2018 ráð fyrir að komið verði á hverfisvernd á tveimur svæðum vegna náttúruminja. Um er að ræða bakka Hörgár og Hörgárósa sem og Krossanesborgir og strandlengjuna frá Brávöllum að Pétursborg. Litið er á þessi hverfisverndarsvæði sem beint framhald og útvikkun á svæðinu við Hörgárósa sem er á náttúruminjaskrá og stækkun fólkvangsins í Krossanesborgum. Tillögur að mótvægisaðgerðum fyrir svæðið sem skilgreint er sem Gásar en þar sem gert er ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota, verslunar- og þjónustusvæði eru eftirfarandi og skal framkvæmdaaðili í góðu samráði við sveitarstjórn sjá til þess að fylgt verði eftir þeim kröfum sveitarstjórnar um mótvægisaðgerðir og að þær verði framkvæmdar um leið og framkvæmdir hefjast til að tryggja það að svæðið verði fyrir sem minnstum áhrifum á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur:

- a. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- b. Í drögum að deiliskipulagi fyrir Gásasvæðið er skilgreint 9,5 ha minjasvæði sem nær 100m út frá brún minja á jaðri rústasvæðis og verður öllu jarðraski haldið þar í lágmarki (undanskilið er rask vegna rannsókna á minjasvæðinu). Mannvirkjagerð er einskorðuð við stiga og útsýnispalla til að greiða fyrir aðgengi almennings að rústunum en um leið hlífa þeim fyrir of miklum ágangi.
- c. Skógrækt skal ekki fara nær öðrum þekktum fornminjum en 20 m.
- d. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum, sem tryggt verður að séu greiðfærir flestum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verði settar prílur.

Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar, minja- og útivistarsvæði.

Ekki eru lagðar til mótvægisaðgerðir vegna efnistökusvæðanna eða opins svæðis til sérstakra nota (Ú7), en lagt er til að fylgt verði eftir þeim öryggiskröfum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðum.

Mótvægisaðgerðir vegna vegagerðar eru eftirfarandi:

- a. Til að draga úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsverndarsvæðið er lögð áhersla að mengunarreglugerð nr. 48/1994 verði fylgt og að ekki verði leyft að geyma mengandi efni inn á vatnsverndarsvæðinu.

- b. Gerðar eru kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi til að fyrirbyggja mengun inn á vatnsverndarsvæði.
- c. Leitast verði við að raska búskap sem minnst.
- d. Svæðið verði jafnað og grætt upp að verki loknu.

2.7.2. Valkostir

Valkostir	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, líbúapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Uppbygging á Gásum	+	++	-	++
Óbreytt landnotkun (núllkostur)	-	0	0	0

Verndarsvæði á Gásam-helstu áhrif


Stefna aðalskipulagsins um þjóðminjaverndarsvæði hefur almennt jákvæð áhrif á þau viðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismatinu um að vernda og varðveita menningarsögulegar minjar, sem og um að auðvelda aðgang þjóðarinnar að og kynni af minjum landsins. Verndun getur stuðlað að bættu umhverfi fyrir íbúa sem og heilsu en það er háð aðgengi að svæðinu. Vernd hefur verulega jákvæð áhrif á gróðurfar og náttúrufar á svæðinu sem og á minjar þar sem þær haldast óraskaðar á þessum svæðum. Vötn og votlendissvæði fá aukið verndargildi. Jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf er háð nýtingu svæðanna en ýmiskonar útivistarmöguleikar opnast með bættu aðgengi að þessum svæðum. Stefna aðalskipulagsins um safnasvæði við Gása stuðlar að jákvæðri þróun fyrir Hörgárbyggð með auknu framboði á menningu og afþreyingu.

Gásir og svæðið í heild sinni eru merkileg bæði vegna fornminja og náttúruminja, þar sem Hörgárósar eru á náttúruminjaskrá. Því er mikilvægt að hlúa hér vel að, en útfærsla í deiliskipulagi stýrir áhrifum uppbyggingar og starfsemi á safnasvæðinu.

Núllkostur-helstu áhrif

Ef ekki verður af hverfisvernd eða af tilgátuþorpi þá liggur alltaf fyrir sú hættu að leyfð verði önnur landnotkun á svæðinu sem ekki teldist æskileg þar sem verið er að setja fram tillögu um verndun vegna sérstæðs náttúru- eða gróðurfars sem og fornleifa. Áhrifin af núllkosti eru því talin hafa talsverð neikvæð áhrif.

2.7.3. Niðurstaða mats



Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006-2026 sem snýr að **verndun** fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á viðhald verndarsvæða, á möguleika til útivistar, og jákvæð áhrif á náttúrfar og gróðurfar á svæðinu. Það sama má segja um uppbyggingu þjónustusvæðis á Gásum en það mun hafa í heildina sé talsverð jákvæð áhrif. Neikvæðu áhrifin eru einna helst í tengslum við aukinn ferðamannastraum sem geta gert það að verkum að mikilvægt fuglalíf verði fyrir einhverri röskun en með þeim aðgerðum sem lagðar eru til í tillögum að mótvægisáðgerðum er hægt að lágmarka risk á náttúrufari.

Áhrif vegna efnistöku eru talin vera óveruleg þar sem flestar námurnar eru sjálfbærar námur sem endurnýja sig með árframburði. Hafa skal þó í huga að efnistakan er háð leyfi matvælastofnunar en leyfi Matvælastofnunar þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfir Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ekki er talið að nýr vegur á milli Bjargar og Skriðu hafi veruleg áhrif á umhverfið. Helstu áhrifin eru sjónræn eðlis þar sem nýr vegur verður byggður á milli Hólskots og Skriðu.

2.8. Stefnumið fyrir rafveitu

Rafveita Sjá kafla 4.3.6	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, lúðapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarð-myndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðar-öryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fomleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn stefnumið fyrir rafveitu	+	?	0	?

Aðalskipulag Hörgárbyggðar gerir ráð fyrir þremur nýjum raflínum á skipulagstímabilinu. Blöndulína 3 sem er 220 kV lína sem liggja mun að mestu samhliða núverandi Rangárvallalínu 1 og Dysneslínur 1

og 2. Þær síðarnefndu eru fyrirhugðar sem tenging við grófiðnaðarsvæði á Dysnesi þar sem gert var ráð fyrir orkufrekum iðnaði í aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017. Gert er ráð fyrir tveimur samliggjandi 220 kV línum frá Moldhaugahálsi að Dysnesi.

Nýjar raflínur munu hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti umhverfisins. Ætla má að uppbygging á framkvæmdatíma hafi tímabundin áhrif á atvinnulíf þar sem störfum mun tímabundið fjölga á svæðinu en varanlegra áhrif mun gæta þar sem með aukinni flutningsgetu á raforku gefst kostur á uppbyggingu á ýmiskonar starfsemi sem krefst aukinnar orku hvort sem það er í Hörgárbyggð eða á Eyjafjarðarsvæðinu í heild sinni. Áhrifin á þennan þátt umhverfisins eru því talin vera jákvæð.

Þeir þættir sem hafa munu áhrif á náttúruferlir eru slóðagerð og gerð mastursstæða sem óhjákvæmilega hafa í för með sér staðbundna röskun á umhverfinu. Framkvæmdir þessar eru umhverfismatsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 sbr. 1. viðauka laganna gr. 22. Á því stigi verða gerðar úttektir á gróðurfari á áhrifasvæðum línanna og þar kemur fram, hvort á fyrirhuguðum leiðum séu sérstæð gróðurfélög, náttúruvætti o.þ.h. sem geti raskast vegna framkvæmdanna. Áhrifin eru því talin óljós á þessu stigi.

Blöndulína 3 fer að stórum hluta yfir fjarsvæði vatnsverndar þar sem sveitarfélagið er að miklu leyti skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Blöndulína 3 nær örlítið inn á grannsvæði vatnsverndar ofan Vagla. Áhrif á vatnsverndarsvæðin eru talin óveruleg þó óhjákvæmilega fylgi slóðagerð og uppsetning mastra rask á meðan framkvæmdum stendur. Þau áhrif eru þó bundin við framkvæmdatíma enda ekki gert ráð fyrir að slóðar verði gerðir aðgengilegir almenningi að verki loknu. Ef fylgt er eftir umgengniskröfum og öryggisreglum sem heilbrigðiseftirlitin hafa sett varðandi framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum þá eru áhrifin talin vera óveruleg.

Ekki er talið að uppbygging á línum hafi áhrif á umhverfisþáttinn heilsa og öryggi. Stefnumörkun sveitarfélagsins styður þau viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu um að hávaði skuli vera undir viðmiðunarmörkum. Áhrif á fornleifar eru talin vera óljós. Samkvæmt aðalskráningu fornleifa fer línustæði núverandi Rangárvallalínu og fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 nokkuð nálægt skrásettum fornleifum, sér í lagi í innanverðum Öxnadal. Gæta skal því að öllum fornleifum við uppbyggingu á raflinum svo að þær verði ekki fyrir raski. Áhrifin eru annars óljós þar sem ekki hefur farið fram sérúttekt á línuleiðinni sjálfri og gætu því fleiri fornleifar komið í ljós í mati á umhverfisáhrifum.

2.8.1. Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem áhrifin af lagningu háspennulína eru talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið þá er ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum.

2.8.2. Valkostir


Valkostir	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, líbúapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmynd-anir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn stefnumið	+	?	0	?
Óbreytt landnotkun (núllkostur)	-	0	0	0

Háspennulínur-helstu áhrif

Aðrir valkostir en núllkostur eru ekki taldir koma til greina, því það liggur beinast við að láta línurnar liggja samsíða núverandi línum. Stefna aðalskipulagsins um háspennulínur hefur því almennt séð óveruleg áhrif á þá þætti umhverfisins sem teknir eru fyrir. Neikvæð áhrif munu einna helst vera á gróðurfar og fuglalíf á þeim svæðum þar sem óraskað svæði fer undir nýja slóða og mastursstæði. Jákvæð áhrif er á hagræna þætti umhverfisins þar sem aukning á raforkuflutningi til svæðisins opnar nýja atvinnumöguleika. Önnur áhrif eru óveruleg.

Núllkostur-helstu áhrif

Núllkostur felur það í sér að ekki verði af fyrirhugaðri framkvæmd. Ef ekki verður af lagningu nýrra háspennulína þá mun það hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti umhverfisins sem og náttúru- og menningaminjar þar sem ekki verður tekið nýtt land undir línumannvirki. Neikvæðra áhrifa mun gæta á hagræna þætti umhverfisins þar sem núverandi línur anna ekki framtíðareftirspurn eftir raforku á svæðinu og leita verður því annarra leiða til að útvega raforku.

2.8.3. Niðurstaða mats

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006-2026 sem snýr að **rafveitu** fyrst og fremst til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfið.



Mynd 9. Skógræktarsvæði í landi Glæsibæjar.
Mynd. Landmótun.

2.9. Stefnumið fyrir landbúnaðarsvæði

Í markmiðum fyrir landbúnaðarsvæði eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar stoðgreina hans. Þannig verði stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í
- hefðbundnum og nýjum búgreinum.
- Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.

Umhverfisáhrif verða metin af lið e í áðurtöldum markmiðum. Hefðbundinn landbúnaður er á undanhaldi í Hörgárbyggð en skógrækt er að aukast og af þeim sökum verður greint frá umhverfisáhrifum skógræktar í umhverfisskýrslunni. Það sama gildir hér eins og fyrir frístundabyggðina að ekki verður greint frá umhverfisáhrifum hvers og eins svæðis heldur í hver áhrifin eru í heild sinni af skógrækt. Alls eru 12 svæði samningsbundin Norðurlandsskógaverkefnum. Alls eru samningsbundin svæði 712 ha að stærð. Hið stærsta er 275 ha en minnsta svæðið 11 ha. Önnur svæði sem ekki tengjast Norðurlandsskógum eru eftirfarandi: Miðhálsstaðir u.þ.b. 100 ha og Laugaland 120 ha sem eru á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga og Vaglir sem er u.þ.b. 90 ha svæði á vegum Skógræktar ríkisins.

Skógrækt (sjá kafla 4.1.10)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, iðnaðarþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn markmið	+	0	0	0

Almenn áhrif skógræktar:

Áhrif vegna skógræktar á hagræna og félagslega þætti umhverfisins eru talin vera talsvert jákvæð. Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar til litið er til langrar framtíðar. Aðstaða til útivistar

verður fjölbreyttari þar sem skógar eru gerðir opnir til útivistar. Aukin efnahagslegur ávinningur getur hlotist vegna aukinnar ferðaþjónustu.

Áhrif á náttúrfarslega þætti eru í heildina séð talin vera talsvert jákvæð enda verði þess gætt að skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminum. Í upphafi umsóknarferils við landshlutabundin skógræktarverkefni þá ber viðeigandi yfirstofnun skógræktarverkefnis ábyrgð á því að land sé metið m.t.t. til náttúrufars og menningarminja. Skógræktaráætlun er gerð fyrir hverja jörð áður en framkvæmdir hefjast. Út frá gróðurfari og öðrum umhverfisþáttum er gerð tillaga að vali trjategunda í skógræktarsvæðið. Áhersla er lögð á að skógurinn falli vel að landslagi, sé fjölbreyttur og aðlaðandi. Náttúruminjar, söguminjar og athyglisverðir staðir eru ekki klæddir skógi og gætt er að mörgum fleiri þáttum, svo sem fuglalífi, gróðurfari, berjalöndum og útsýni. Því eru neikvæð áhrif talin vera óveruleg.

Helstu áhrif skógræktar á einstaka umhverfisþætti eru eftirfarandi:

Áhrif á vatnafar eru talin vera óveruleg enda ekki gert ráð fyrir því að skógur verði ræktaður á mýrum. Getur haft staðbundin áhrif á snjóalög og geta því haft áhrif á vatnabúskap. Meiri snjór safnast á hæðum en minni snjór í lægðum samanborið við skóglaut land. Á hæðum verður rakastig í jarðvegi því hærra lengra fram á sumar sem bætir skilyrði fyrir allt líf. Fannir sem safnast í lægðum og hlémegin í brekkum verða minni, bráðna fyrr og þar með lengist sumarið fyrir lífverur þar.

Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil. Talsvert neikvæð áhrif geta verið á botngróður en með blöndun tegunda má draga úr þeim áhrifum. Tegundasamsetning gróðurs í skógarreitum mun breytast, en hafa ber í huga að breytingin er úr einu manngerðu gróðurlendi í annað. Verið er að skipta út áhrifum búfjárbæitar fyrir áhrif skógar. Lágvöxnum, ljóselskum plöntutegundum fækkar en skuggþolnar tegundir eru hins vegar líklegar til að nema land með tímanum.

Skógrækt getur haft staðbundin áhrif á fuglalíf þar sem yfirleitt er verið að taka gras- eða mólendi undir skógrækt. Áhrifin geta því verið talsvert neikvæð fyrir mófugla eins og spóa en talsvert jákvæð fyrir skógfugla eins og skógarþresti eða músarindil. Á landsvísu eru áhrif talin vera óveruleg vegna takmarkaðs umfangs skógræktar.

Skógrækt hefur áhrif á vindafar, sérstaklega vindsveipi, skógurinn skapar skjól og breytir næviðri. Aukin skógrækt getur dregið úr loftmengun. Vaxandi skógur bindur koltvísýring (CO_2) úr andrúmsloftinu til langs tíma í formi viðar og kolefnissambanda í jarðvegi. T.a.m. má gera ráð fyrir að árleg binding vegna Norðurlandsskóga verði komin í um 200.000 tonn CO_2 eftir 40 ár, en það samsvarar tæpum 9% af öllu útstreymi CO_2 á Íslandi 1995.



Skógrækt hefur áhrif á landslag. Með meiri skógrækt eykst hlutfall skógarlandslags og skörp skil geta myndast á jöðrum skógræktar og lands utan skógræktar. vegna hæðar, áferðar og litar skógarins. Skógur getur dregið fyrir útsýni að einstökum landslagsþáttum frá ákveðnum stöðum. Lítið umfang

fyrirhugaðrar skógræktar (5% láglendis) þýðir að útsýni að stærri landslagsþáttum, s.s. fjöllum, mun ekki spillast svo nokkru nemi. Hins vegar gæti útsýni spillst að smærri landslagsþáttum, t.d. útsýni að fossi frá vegi. Þar sem þannig háttar til þarf að taka á því í hönnun skógræktar og tryggja að skógur spilli ekki sýn að mikilvægum landslagsminjum. Í þessu tilliti skiptir staðsetning skógar í landslagi verulegu máli. Skógur í neðanverðri fjallshlíð spillir ekki útsýni og hefur tiltölulega jákvæð áhrif á ásýnd lands að mati margra. Skógrækt á flatlendi, sérstaklega nálægt vegum, getur hins vegar spillt útsýni. Það vill svo til að skógræktarskilyrði eru yfirleitt mun betri í brekkum en á flatlendi og eru þær því líklegri til að verða fyrir valinu sem skógræktarsvæði. Með skjólbeltarækt breytist landslag ræktunar og verður munurinn einkum sá að skurðir verða minna áberandi og tún verða afmörkuð með skjólbeltum í staðinn.

Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg. Getur haft jákvæð sálræn áhrif á suma en neikvæð á aðra.

Áhrif á aðra landnotkun er óveruleg enda skógræktarsvæði helst í landi sem hentar illa til annarrar landnotkunar. Helst ber þó að nefna skerðingu beitarlands. Getur haft áhrif á samgöngur vegna jöfnunar snjóлага þá ýmist jákvæð eða neikvæði áhrif sem og hamlað sýn manna.

Áhrif á náttúru- og menningaminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði



Mynd 10. Dæmi um góða skógarjaðra á efstu og neðstu mynd

2.9.1. Tillögur að mótvægisáðgerðum

Gæta skal umhverfissjónarmiða þegar farið er í skógrækt. Ekki skal taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún. Í Aðalskipulagi Hörgárbyggðar eru sett fram markmið í tengslum við landgræðslu og skógrækt. Í þeim eru fylgnar vissar mótvægisáðgerðir en markmiðin eru:

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spilt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.
- Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær aðalvegum en 30 m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 20 m. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði (s.s. snjósöfnun á vegi og hindrun útsýnis).
- Með sérstakri hönnun jaðra og notkun á lágvaxnari tegundum þar eru skil á skógarjörðum milduð.

2.9.2. Valkostir


Valkostir	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, líbúapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn skógrækt	+	+	0	0
Núllkostur	-	0	0	0

Niðurstaða samanburðar

Núllkostur þýðir óbreytt ástand þ.e. að ekki verði af áformum um skógrækt á svæðinu. Í heildina séð eru áhrifin af því talin vera óveruleg. Jákvæð áhrif eiga einna helst við hagræna og félagslega þætti umhverfisins þar sem félagslegur og hagrænn ávinningur af skógrækt getur verið nokkur þar sem hann eflir atvinnulíf á svæðinu en með auknum framlögum til Norðurlandsskógaverkefnisins fjölga ársverkum á svæðinu. Einkum mun sumarstörfum fjölga við plöntuframleiðslu í gróðrarstöðvum og við gróðursetningu. A.m.k. 4 heilsárs störf hafa skapast við að reka verkefnið og þjónusta það. Hér er átt við sérhæfð störf skógfræðinga, landfræðinga og annarra sem sjá um rekstur, áætlanagerð, ráðgjöf, eftirlit og skráningu. Þá eykst þörf fyrir skógræktarrannsóknir á svæðinu. Vegna verkefnisins hefur orðið þörf fyrir árstíðabundna verktakastarfsemi við girðingar, jarðvinnslu, gróðursetningu og umhirðu. Þegar fram líða stundir mun einnig verða grundvöllur fyrir slíkri starfsemi við grisjun, skógarhögg og flutning eða vinnslu skógarafurða.

Það er landeigandinn sjálfur sem tekur ákvörðun um að fara í skógrækt vitandi hvaða landnýtingarþarfir hann hefur aðrar. Skógrækt rýrir því ekki tekjumöguleika af hefðbundnum landbúnaði. Þvert á móti er reynslan af hinu 15 ára gamla Héraðsskógaverkefni sú að þátttaka í skógrækt leiðir gjarnan til bættrar vitundar um allskonar landnýtingu og hagræðingar auk þess að renna stoðum undir valta byggð.

2.9.3. Niðurstaða mats



Niðurstaða matsins er að markmið um skógrækt á eftir að hafa talsvert jákvæð áhrif í sveitarfélaginu, svo fremi að þess verði gætt að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif skógræktar. Það er m.a. gert með því skilgreina friðlýst svæði við undirbúning skógræktar, s.s. svæði innan 20 m frá fornminjum, svæði innan 30 m frá miðlínu vega, svæði innan 5 m frá raflinum o.s.frv. Þetta á einnig við um önnur viðkvæm svæði, s.s. svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Í framhaldi af þessu er minnt á 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sem fara skal eftir. Í henni segir að öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m y.s.

Skógur verður ekki ræktaður á þekktum fundarstöðum sjaldgæfra lífverutegunda eða í nágrenni þeirra og höfð verður hliðsjón af válistum Náttúrufræðistofnunar Íslands um sjaldgæfar tegundir. Besta trygging gegn því að skógur verði ræktaður á fundarstað sjaldgæfrar tegundar er þó sú að landeigendur vita yfirleitt um slíka staði á sínu landi og sjá til þess að þeir verði ekki eyðilagðir. Við hönnun skóga verður tillit tekið til ásýndar lands og útsýnis með því að blanda tegundum, hanna jaðra sérstaklega og sleppa gróðursetningu við mikilvæga útsýnisstaði.

2.10. Tengsl við aðrar áætlanir

Við gerð aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006-2026 hefur þess verið gætt að áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Þær áætlanir sem um ræðir eru:

a. Aðalskipulag nágrannabyggðalaga: Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 og Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, Aðalskipulag Eyjafjarðar, Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar og Aðalskipulag Skagafjarðar. Þar sem Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 nýttist sem forsendugagn þá er Aðalskipulag Hörgárbyggðar í samræmi við meginþætti aðalskipulags nágrannabyggðalaga á Eyjafjarðarsvæðinu. Samræmi við tillögur að aðalskipulagi fyrir Dalvíkurbyggð, Skagafjörð og Arnarneshrepp liggja ekki fyrir en tillaga að aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 var send áðurtöldum sveitarfélögum til umsagnar í desember 2007 og umsögn barst frá Arnarneshreppi í janúar 2008 sem gerði engar athugasemdir. Önnur sveitarfélög hafa ekki gert athugasemdir. Samstarfshópur er í gangi á milli Hörgárbyggðar og Akureyrarbæjar um skipulagsmál á sveitarfélagamörkum. Á fundi 5. mars 2008 var ákveðið að eftirfarandi yrði sýnt í Aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026:

- Gatnatenging milli Sjafnargötu á Akureyri og Lónsvegur í Hörgárbyggð, sbr. tillögu B, dags. 5. október 2007.
- Safngata verði sýnd á skýringarupprætti, frá Hlíðarvegi við Ásláksstaði að væntanlegri Síðubraut.
- Landnotkun á eignarlöndum Akureyrarbæjar samkvæmt tillögu D dags. 5. október 2007.
- Að sýnt verði opið svæði til sérstakra á Vindheimajökulssvæðinu sem liggja að útivistarsvæðinu í landi Akureyrarbæjar í Hlíðarfjalli, sbr. samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar Hörgárbyggðar 13. febrúar 2008.
- Gera ráð fyrir reiðleið suður um Blómsturvalla- og Brávallaland endi yst á áningarstað í Þórsneslandi í Akureyrarbæ.
- Gera ráð fyrir því að úrgangsmálum verði vísað til væntanlegs nýs svæðisskipulags.

b. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar: Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á 4 kjarnasviðum.

c. Náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjaskrá: Náttúruverndaráætlunin og Náttúruminjaskrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið

verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjasrá.

d. Stefnunarmörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020: Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 er í samræmi við stefnumörkun ríkistjórnarinnar um sjálfbæra þróun þar sem það rit var lagt til grundvallar við vinnu aðalskipulagsins. Einnig er Aðalskipulag Hörgárbyggðar í samræmi við Staðardagskrá 21 í Hörgárbyggð um sjálfbæra þróun og stuðlar að styrkingu þriggja grundvallarpáttanna sjálfbærrar þróunar sem ná til hagrænna, samfélagslega og umhverfislega þætti í umhverfinu.

e. Samgönguáætlun 2007-2010 og 2007-2014. Aðalskipulag Hörgárbyggðar er í samræmi við samgönguáætlun ríkistjórnarinnar 2007-2010 og 2007-2014 þar sem þær voru hafðar til grundvallar við gerð tillögunnar.

f. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, var lagt niður 2007 og hefur því ekki lögformlegt gildi en nýttist til upplýsingaöflunar um landnotkun á Eyjafjarðarsvæðinu og til tillögugerðar fyrir Aðalskipulag Hörgárbyggðar.

g. Sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, ekki staðfest en nýttist til upplýsingaöflunar og til tillögugerðar fyrir Aðalskipulag Hörgárbyggðar.

2.10.1. Heildarniðurstaða matsvinnunnar

Umhverfisáhrif aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006 – 2026 eru í þegar á heildina er litið talin frekar jákvæð.

Helstu líkleg neikvæð áhrif stefnumótunar og aðgerða í skipulagsáætluninni snúa að áhrifum á heilsu- og öryggisþáttum umhverfisins. Með aukinni íbúðabyggð og ferðaþjónustu á svæðinu eykst bílaumferð og þyrfti því að mæta því með einhverskonar mótvægisáðgerðum í formi nýrra lausna í vegamálum sem yrðu þá útfærsluatriði þegar þar að kæmi. Áhrif á náttúrfarslega þætti eru talin óveruleg en breyting mun þó verða á því með aukinni íbúðarbyggð. Í tillögunni er ekki verið að taka svæði sem teljast hafa verndargildi vegna sérstæðs náttúrfars eða gróðurfars og ekki er verið að raska landi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum. Áhrif á náttúrufar eru talin geta verið staðbundin vegna uppbyggingar á svæðum fyrir frístundabyggð og vegna aukinnar skógrækt. Draga má þó verulega úr þeim áhrifum ef farið er eftir þeim aðgerðum sem lagðar eru til í umhverfisskýrslunni.

Jákvæðu áhrifin eru einna helst hagræns eðlis þar sem sveitarfélagið sér fram á auknar tekjur með auknu lóðaframboði, bættri og jákvæðri íbúðarþróun í kjölfarið. Áhrif á aðra þætti eru í heildina séð talin óveruleg.

Í matsvinnunni hefur komið fram að landslag og ásýnd sveitarfélagsins komi til með breytast með aukinni byggð en óvissa er um umfang og áþreifanleika þessara breytingar. Sveitarstjórn mun stýra uppbyggingu byggðar með því markmiði að viðhalda núverandi sérstöðu og upplifun sveitarfélagsins sem byggð í miklum tengslum við náttúru og útivistarsvæði. Í deiliskipulagi verður mögulegt að stýra betur útliti byggðar frekar en í aðalskipulagi. Aðalskipulagið markar hins vegar þá stefnu að vernda þessa sérstöðu sveitarfélagsins.

Á heildina lítið bendir stefnumótun aðalskipulags til þess að staða Hörgárbyggðar sem búsetukostur muni styrkast í framtíðinni. Hér er fyrst og fremst horft á framtíðarmöguleika sem geta skapast í atvinnulífi, styrkingu samfélagsþjónustu og bættri aðstöðu fyrir félagslíf og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu samfara auknum íbúfjölda. Einnig má nefna fjölbreytta og vel aðgengilega útivistarmöguleika. Til þess að viðhalda og vernda náttúrufar í sveitarfélaginu hafa svæði verið afmörkuð sem svæði á náttúruminjasrá og hverfisvernduð svæði hvort sem það er vegna sérstæðra náttúruminja eða menningaminja.

Í heildarniðurstöðu matsvinnu vegur þyngst fjöldi líklegra jákvæðra umhverfisáhrifa og að möguleg neikvæð umhverfisáhrif eru á afmörkuðum svæðum sem kunna að hafa nokkuð sérstakt gildi m.t.t. náttúrufars en falla ekki undir verndarsvæði. Einnig er stefnt að ýmsum mótvægisáðgerðum til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í heild sinni er talið ólíklegt að náttúrufar, landslag, ásynd og upplifun sveitarfélagsins komi til með að breytast verulega. Það er því niðurstaða matsvinnu að aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006 –2026 sé ekki líklegt til að *valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum* sbr. lög 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætla.

Afgreiðsla umhverfisskýrslu eftir auglýsingu

Alls bárust 6 athugasemdir við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatíma. Að hluta til beindust athugasemdir að íbúðabyggð við Gásir og að hverfisverndarsvæðum. Einnig koma fram athugasemdir um íbúðarbyggð á Gásum í svari Skipulagsstofnunar til Hörgárbyggðar þar sem óskað er eftir afgreiðslu til staðfestingu ráðherra. Þar er bent á markmið sveitarstjórnar um íbúðabyggð á Gásum samræmist ekki markmiðum um að taka ekki mikilvæg landbúnaðarsvæði úr landbúnaðarnotum. Þessu er svarað í niðurstöðu umhverfisskýrslu um svæði fyrir íbúðarbyggð. Fram kemur í henni að íbúðarbyggð á Gásum sé sísti kosturinn vegna uppbyggingu íbúðabyggðar m.t.t. umhverfisáhrifa og þeirra viðmiða sem lágu til grundvallar matinu. Með því að leyfa íbúðabyggð á þessu svæði sé ekki verið að vernda mikilvægt landbúnaðarsvæði og nálægð við minjasvæði og náttúruverndarsvæði sé of mikil. Þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu er það vilji sveitarstjórnar að heimila íbúðarbyggð á Gásum. Ástæðan er sú að mikil eftirspurn hefur verið eftir sjávarlóðum. Um er að ræða gott byggingarland og getur íbúðasvæðið dregið úr eftirspurn eftir enn stærri lóðum. Dæmi er um eftirspurn eftir jörðum, sem eru tugir hektara, fyrir eina íbúð. Íbúðasvæðið getur dregið úr líkum á því að slíkt svæði verði byggt lengra frá helstu þjónustubáttum. Einnig er tekið fram að þéttbýlismyndun í innanverðum Eyjafirði á næstu áratugum mun væntanlega aðallega eiga stað á svæðinu norðan við Akureyri, þannig að smám saman mun styttest í þjónustu fyrir þá sem búa á svæðinu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu og minjavörslu í nágrenninu og íbúðabyggðin getur í einhverjum tilvikum stytt vegalengdir fyrir vinnusókn starfsmanna þar.

Innsendar athugasemdir hvort sem er frá Skipulagsstofnun eða frá almenningi hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfisskýrslu. Niðurstaða hennar leiðir í ljós neikvæð áhrif íbúðarbyggðar á Gásam en um leið eru færð rök fyrir af hverju íbúðarbyggð er heimiluð (sjá rökstuðning sveitarstjórnar í kafla 2.5.3). Í niðurstöðu kemur fram áfangaskipting í uppbyggingu íbúðarbyggðar þar sem horft er á Lónsbakka sem fyrsta kost m.t.t. uppbyggingu á svæðum fyrir íbúðarbyggð. Um leið er stutt við þau viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu á áhrifum markmiða aðalskipulags um íbúðarbyggð, frístundabyggð, verndarsvæði og landbúnaðarsvæði þ.e. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð. Sett er fram sú stefna að við gerð deiliskipulags af svæðinu skal til hlítar gæta þess að ásýnd íbúðarbyggðar falli sem best að landi og hafi sem minnst áhrif á nærliggjandi minjasvæði og svæði á náttúruminjasrá.

Í tillögu að aðalskipulagi Hörgárbyggðar voru skilgreind tvö hverfisverndarsvæði. Eitt við Krossanesborgir og annað við Hörgárósa. Bæði svæðin voru framhald af svæðum sem eru þegar á náttúruminjasrá. Vegna andstöðu landeigenda við þessi svæði var fallið frá hugmyndum um hverfisverndarsvæði við Hörgárósa og hverfisverndarsvæði í landi Dvergasteins var minnkað.

Breytingar þessar hafa ekki áhrif á niðurstöðu umhverfisskýrslu þar sem það land sem skilgreint var í tillögu sem hverfisverndarsvæði við Krossanesborgir, er eftir sem áður á náttúruminjasrá skv. afmörkun Umhverfisstofnunar og er því hluti af verndarsvæðum í sveitarfélaginu. Það sama gildir um hverfisverndarsvæði frá Hörgárósum að vegamótum Hringvegur og Ólafsfjarðarvegur að innan þess svæðis sem gerð var tillaga um er enn svæði sem njóta hverfisverndar vegna fornminja og aðliggjandi svæði er á náttúruminjasrá.

2.10.2. Matsskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila,

ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

1. **Jarðvarmavirkjanir** og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira.
2. **Stofnbrautir í þéttbýli.** Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
3. **Hafnir** (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
4. **Förgunarstöðvar** þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.
5. **Skolphreinsistöðvar** með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
6. **Efnistaka** þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.
7. **Löftlínur utan þéttbýlis** til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
8. **Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur** í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í 2. viðauka eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Eftirfarandi eru dæmi um slíkar framkvæmdir:

1. **Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:**
 - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
 - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
 - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
 - d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
 - e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
 - f. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.
2. **Námuiðnaður:**
 - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
3. **Matvælaíðnaður:**
 - a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
 - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
 - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
 - d. Öl- og maltgerð.

e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.

f. Sláturhús.

g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.

h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.

4. **Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum**, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.

5. **Snjóflóðamannvirki**

Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.

2.10.3. Matsskyldar framkvæmdir í Hörgárbyggð

Á skipulagstímabilinu 2006-2026 er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum í Hörgárbyggð, sem háðar eru mati umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum:

- Framkvæmdir við flutningskerfi raforku: Háspennulína Blanda-Akureyri, 220 kV. Línan mun liggja að mestu samsíða núverandi 132 kV línu (Rangárvallalínu 1) frá mörkum sveitarfélagsins á Öxnadalshéið, um Öxnadal og Hörgárdal að mörkum Akureyrar í Kræklingahlið. Innan Hörgárbyggðar verður línan um 45 km löng. Línan verður ýmist ofan eða neðan núverandi línu eftir aðstæðum. Á Moldhaugahálsi er gert ráð fyrir að línan verði nokkru neðar en núverandi lína. Gera þarf nokkrar breytingar á núverandi línu.

Á skipulagstímabilinu 2006-2026 er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum í Hörgárbyggð, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum skv. 2. viðauka laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

- Skógrækt í Glæsibæ sem er 275 ha er skv. lögum 106/2000 tilkynningarskyld framkvæmd. Skógræktin í Glæsibæ hófst árið 1993 og er í dag að mestu lokið. Framkvæmdin var því samþykkt fyrir gildistöku laga 105/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Uppbygging á Hörgárdalsvegi á milli Skriðu og Bjargar í Arnarneshreppi. Um er að ræða enduruppbyggingu á tengivegi á 8,6 km kafla. Á 3,4 km kafla er vegurinn innan grann- og fjarsvæðis vatnverndarsvæðisins á Vöglum. Veglínan mun að mestu fylgja núverandi vegi nema á kafla milli Hólskots og Skriðu, þar sem um nýtt vegstæði verður að ræða.
- Grjótnám og lagersvæði í landi Skúta og Moldhauga á um 17 ha svæði er skv. lögum 106/2000 tilkynningarskyld framkvæmd.

3. MEGINÞÆTTIR SKIPULAGSÁÆTLUNAR

3.1. Lýsing aðalskipulags

Hér verður stutt samantekt um megindrætti í landnotkun á einstökum svæðum í sveitarfélaginu. Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið í heild er í mkv. 1:75.000 og uppdrættir fyrir Lónsbakka er í mkv. 1:10.000. Auk þess eru 7 skýringaruppdrættir felldir inn í greinargerðina en þeir eru einvörðungu til skýringar. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

3.2. Meginþættir aðalskipulags

Miklar breytingar hafa orðið í landnotkun á síðari árum. Landbúnaður hefur minnkað þó nokkuð í Hörgárbyggð en búskapur er stundaður á um 45 jörðum þá einkum sauðfjárrækt, mjólkurframleiðsla og eitt svínabú.

Einn þéttbýlisstaður er skilgreindur í Hörgárbyggð. Það er Lónsbakki og þar gerir Aðalskipulag Hörgárbyggðar ráð fyrir frekari vexti, sem og við Gásir og Blómsturvelli. Líta ber á svæðið við Blómsturvelli og Brávelli sem eðlilegt framhald þéttbýlismyndunar við Akureyri þar sem nálægðin er mikil. Með tíð og tíma gæti orðið til skólahverfi í samstarfi við Akureyrarbæ. Stærð svæðisins kallar einnig á aukna þjónustu og er því gert ráð fyrir svæðum fyrir verslun og þjónustu og svæðum fyrir þjónustustofnanir. Gert er ráð fyrir aukinni aðsókn í sumarbústaðalóðir í Hörgárbyggð.

Atvinnulíf í sveitarfélaginu er nokkuð fjölbreytt. Fyrir utan hefðbundinn landbúnað þá eru staðsettir í Hörgárbyggð nokkrir stórir atvinnurekendur, Húsasmiðjan-Blómaval og Sláturhús B. Jensen. Auk þess er þar að finna ferðaþjónustu, grunnskóla, leikskóla og verkstæði.

Í Hörgárbyggð er eitt svæði friðlýst skv. náttúruverndarlögum og 3 svæði eru á náttúruminjaskrá.

Fjöldi sögu- og fornminja er í Hörgárbyggð og eru þau mikilvægustu auðkennd á uppdrætti í flokki hverfisvernd vegna fornleifa. Alls eru 9 minjastaðir friðlýstir skv. þjóðminjalögum og auk þess er fjöldi minja sem hafa verið skráðir og njóta verndar sökum aldurs.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Bygging einstakra íbúðarhúsa er heimil á landbúnaðarvæðum án tengsla við búskap sbr. kafla 5.2.14 um landbúnaðarsvæði. Íbúðarsvæði þar sem eru fjórar samliggjandi lóðir eða fleiri eru auðkenndar sérstaklega á skipulagsupphætti. (Sjá einnig gr. 4.2 í skipulagsreglugerð).

4. DREIFBÝLI**4.1 Landnotkun****4.1.1 Íbúðasvæði****Markmið:**

- a. Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðabyggðar í dreifbýli
- b. Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- c. Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- d. Eftir föngum skal komist hjá því að íbúðabyggð verði reist á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.
- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að



Mynd 11. Frá Eyrarvík. Mynd. Landmótun.

- mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á válista verði fyrir áhrifum framkvæmda sem .
- Taka skal tillit til landslags, söguslóða ,gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Við upphaf skipulagsvinnunnar er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er aðalskipulag eða það endurskoðað. Gert er ráð fyrir að þéttleiki byggðar í dreifbýli verði á bilinu 10-15 íbúðir/ha.

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 15	0,20 - 0,35
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6

Ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum en vöntun á byggingarlandi í dreifbýli hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðapróun í Hörgárbyggð. Til að koma til móts við eftirspurn eftir byggingarlóðum á svæðinu eru nefndir tveir staðir í dreifbýli Hörgárbyggðar þar sem uppbygging skal fara fram á skipulagstímanum þ.e. á Blómsturvellum og við Gásir. Við útfærslu á deiliskipulagi fyrir svæðið verður betur farið í afmörkun á byggingarsvæðinu þar sem tekið verður tillit til nálægðar við minjasvæðið og væntanlega uppbyggingu þar. Við Gásir er gert ráð fyrir svokallaðri búgarðabyggð eða stórum lóðum 0,7-1,4 ha. Annars skal þéttleiki miðast við töflu um nýtingarhlutfall. Með íbúðarsvæði á Blómsturvellum er leitast við að sinna eftirspurn eftir sjávarlóðum í næsta nágrenni við þéttbýli. Almennt séð er heimilt að reisa allt að 3 íbúðarhús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi á landbúnaðarsvæðum en meginhluti byggðar undir 200 m y.s. er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Sjá ennfremur kafla 4.1.11 þar sem fjallað er um byggingar á landbúnaðarsvæðum.

Nr.	Heiti	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar(lóðir/ha)
11	Blómsturvellir	Gert er ráð fyrir lágreistri íbúðabyggð á um 7,7 ha svæði. Lóðir verða um 600-1000 fm.	77	10
12	Gásir	Gert er ráð fyrir lágreistri íbúðabyggð á um 58 ha svæði með um 40-50 lóðum með lóðarstærðum 0,7-1,4 ha.	40-50	1-1,5

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).



Mynd 12. Glæsibæjarkirkja. Mynd. Landmótun.

4.1.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir**Markmið:**

- a. Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- b. Gert er ráð fyrri að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Leiðir:

- Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.
- Betri nýting íþróttamannvirkis á Laugalandi með forgangi fyrir íbúa sveitarfélagsins

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi. Í Hörgárbyggð eru eftirfarandi þjónustustofnanir og eru þær táknaðar með appelsínugulum lit og númeri á skipulagsuppdraetti. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki þjónustustofnana í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð/jarðir
S1	Hlíðarbær	Félagsheimili, byggt fyrst árið 1919, byggt tvisvar við, fyrst 1969 og svo 1975. Stærð lóðar 600 m ² .	Sólborgarhóll
S2	Skjaldarvík	Sérskóli á vegum Akureyrarbæjar er starfræktur á Skjaldarvík og Varpholti. Stærð lóðar er um 1,6 ha.	Skjaldarvík
S3	Glæsibær	Kirkja, timburhús reist 1866. Stærð lóðar 0,1 ha.	Glæsibær
S4	Þelamörk	Grunnskóli, byggður 1961-1978, sundlaug byggð 1943-45 og íþróttahús 1992. Stærð lóðar 1,5 ha.	Laugaland
S5	Bægisá	Kirkja, timburhús reist 1858. Stærð lóðar 0,1 ha.	Ytri-Bægisá
S6	Bakki	Kirkja, timburhús reist 1843. Stærð lóðar 0,1 ha.	Bakki
S7	Hraun	Fæðasetur og minningarstofa um Jónas	Hraun

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

4.1.3 Verslunar- og þjónustusvæði**Markmið:**


- Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stöðum undir byggð á svæðinu.
- Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Leiðir:

- Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu.
- Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði viðskiptatengdrar ferðapjónustu.
- Að fjölga gistinguþéttum innan svæðisins.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
V1/A1	Lækjarvellir	Blönduð landnotkun athafnasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis. Svæðið er alls 17,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir 21 lóð með nýtingarhlutfallinu 0,3-0,4. Innan svæðis geta m.a. risið stærri verslanir og þjónusta og einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir ýmskonar athafnalstarfsemi. Í deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli sem staðfest var 15. ágúst 2007 m.s.br. eru sett fram eftirfarandi markmið um svæðið. - Lögd verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður. - Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. - Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stöðum undir byggð á svæðinu. Leiðir að þeim markmiðum eru m.a. að: - Þjóða upp á fjölbreytt framboð á athafnalóðum fyrir mismunandi fyrirtæki.	Syðsta-Samtún, Mið-Samtún, Efsta-Samtún og Steinkot



Mynd 13. Deiliskipulag af Gásir.

		Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir nýja atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði ný fyriræki, sem og flutning fyrirtækja úr öðrum sveitarfélögum. Vísað er að öðru leyti í deiliskipulag.	
V2	Pétursborg	Ferðapjónusta með gistingu, 2 fristundarhús hvert um sig 20 m2. Stærð lóðar 1 ha.	Pétursborg
V3	Gásir	Um er að ræða þjónustuhús, salernisaðstöðu og bílastæði í tengslum við tilgátubyggð og safnasvæði við Gása. Samtals er stærð byggingareita Deiliskipulagssvæðið er um 36 ha. Vísað er að öðru leyti í deiliskipulag af Gásir.	Gásir
V4	Engimýri	Ferðapjónusta. Gistiheimili og tjaldsvæði, hestaleiga, gistihús byggt 1991, stærð lóðar 1,5 ha.	Engimýri
V5	Háls	Veitingapjónusta. Matstaðurinn Halastjarnan. Stærð lóðar óþekkt.	Háls

4.1.4 Iðnaðarsvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

Leiðir:

- Auka framboð iðnaðarlóða fyrir mismunandi fyrirtæki.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Iðnaðarsvæði á svæðinu er eitt, í landi Skúta og Moldhaugaháls. Iðnaðarsvæði eru táknud með dökkgráum lit og númeri á skipulagsupprætti.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Moldhaugar	Svæðið er ætlað sem geymslusvæði fyrir vélar, bíla og tækjabúnað. Gert er ráð fyrir þremur skemmum á svæðinu samtals 1.000 m ² . Afleggjari verður lagður að bænum Skútum sem tengir svæðið við Hringveginn. Svæðið er alls 10 ha að stærð.	Skútar/Moldhaugaháls

4.1.5 Athafnasvæði

Markmið:

- Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður.
- Bæta skilyrði fyrir úrvinnslu og framleiðslu á landbúnaðarafurðum og annarri matvælaframleiðslu eða tengdri starfsemi.


Leiðir:

- Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir nýja atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði ný fyriræki, sem og flutning fyrirtækja úr öðrum sveitarfélögum

ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vöruhegrymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. (Sjá einnig gr. 4.6 í skipulagsreglugerð)

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki athafnasvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Athafnasvæði á svæðinu er eitt, við Lækjarvelli. Athafnasvæði eru táknud með ljósgráum lit og númeri á skipulagssupprætti.



Mynd 14. Tillaga af deiliskipulagi af Lækjarvöllum.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
A1/V1	Lækjarvellir	Blönduð landnotkun athafnasvæðis- og verslunar- og þjónustusvæðis. Svæðið er alls 17,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir 21 lóð með nýtingarhlutfallinu 0,3-0,4. (Sjá einnig kafla 4.1.3)	Syðsta-Samtún, Mið-Samtún, Efstá-Samtún og Steinkot

4.1.6 Efnistökusvæði

Markmið:

a. Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistörustöðum.

Leiðir:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Eftirfarandi sérgreind markmið gilda um efnistökusvæði:

- Framkvæmdaleyfi.** Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út ef ekki er í gildi staðfest aðalskipulag. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga.
- Áætlun um vinnslu.** Framkvæmdaaðili geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
- Mat á umhverfisáhrifum.** Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistörustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2,5 ha)

svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Leyfi Matvælastofnunar þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.sbr., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt ákvæði IV til bráðbirgða í lögum 44/1999 um náttúruvernd er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbótnei innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af atriðum sem talin eru upp í lið c hér að ofan eiga við um efnistöku. Þá skal eftir 1. júlí 2012 afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999.

Almennar leiðbeiningar um efnistöku og val á efnistökuastað:

Eftirfarandi kom fram í skýrslunni "Námur. Efnistaka og frágangur" sem gefin var út af nokkrum opinberum aðilum sem koma að efnistökuárum árið 2002.

Við val á efnistökusvæði er mikilvægt að velja efni úr þeirri gerð jarðmyndunar sem best hentar fyrirhuguðum notum á efninu. Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur. Ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökkunnar verði sem minnst að frágangi loknum.

Þegar efnistökusvæði er valið þarf að hafa í huga:

- Hver efnistökuþörfin er.
- Að líta þarf á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé á landi sem ekki hefur hátt verndargildi.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að svipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að efnistaka sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.
- Að efni sé valið úr þeirri gerð jarðmyndunar sem hentar notum á efninu og að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Að þess sé gætt að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.

Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum stöðum. Ef fyrirhugað er að efnistaka taki lengri tíma, eða ef efni er tekið úr jarðmyndunum sem erfitt

alfaraleið og úr jarðmyndunum sem ekki þykja sérstæðar. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu efnistökusvæða, þar sem hávaði, ryk og önnur mengun eða óþægindi geta fylgt efnistökunni.

Þegar efnistökusvæði hefur verið valið þarf að skipuleggja eftirfarandi áður en efnistaka hefst:

- Námusvæðið í heild sinni, tilhögun efnistöku, vinnslutímabil og áfangaskiptingu efnistökkunnar.
- Tilhögun landmótunar og frágangs efnistökusvæðis að efnistöku lokinni.
- Uppgræðslu efnistökusvæðis þar sem það á við.

Ofangreind atriði þurfa að liggja fyrir áður en efnistaka hefst og koma fram í áætlun um efnistöku.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreind nokkur efnistökusvæði og þurfa því allar framkvæmdir á efnistökusvæðum frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða. Námurnar eru allar í vinnslu.

Í forsenduhefti fyrir aðalskipulag Hörgárbyggðar eru skráðar 33 efnistökusvæði og byggjast þær upplýsingar á námum sem skilgreindar voru í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar sem nú er ekki lengur í gildi. Í vinnu við Aðalskipulag Hörgárbyggðar var markvisst reynt að fækka námum m.t.t. markmiða um að „almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökkustöðum“ Námum hefur því verið fækkað um 20 og eru því 13 námur skilgreindar í sveitarfélaginu. Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sjá skýringu neðan við töfluna.

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/magn	Jörð
E1	Glæsibær	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum		Glæsibær
E2	Hlaðir	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum		Hlaðir
E3	Hlaðir	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum		Hlaðir
E4	Hörgár, Grjótgarður	Setnáma, í árfarvegi	**/40.000 m ³	Grjótgarður/Litli Dunhagi
E5	Laugaland/Grjótgarður	setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum		Laugaland/Grjótgarður
E6	Húsá við Þríhyrning	Setnáma, árkeila		Þríhyrningur
E7	Hörgá, Steðji	Setnáma, í árfarvegi	*/ 49.000 m ³	Steðji/Skriða

E8	Skriða	Setnáma, í árfarvegi		Skriða
E9	Fossnáma	Setnáma, í árfarvegi		Ás
E10	Neðri-Vindheimar	Setnáma, í árfarvegi		Neðri-Vindheimar
E11	Neðri-Rauðalækur	setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum		Neðri-Rauðalækur
E12	Skuggabrá í Hörgárdal	Setnáma, í árfarvegi	*45.000m ³	Staðartunga
E13	Moldhaugar	Grjótnáma í eldri malarnámu. Námu-svæðið ásamt lagar-svæði er alls um 17 ha og er því háð mati á umhverfisáhrifum.		Moldhaugar/ Skútar

* með framkvæmdaleyfi

** fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Á sorpförgunarsvæðum fer fram förgun sorps og annars úrgangs. Sorpförgunarsvæði eru starfsleyfissskyld og umhverfismatsskyld. Móttöku- og flokkunarstöðum fyrir sorp verður komið fyrir á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljast eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar. (Sjá einnig gr. 4.10 í skipulagsreglugerð).

4.1.7 Sorpförgunarsvæði**Markmið:**

- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

Leiðir:

- Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á förgun úrgangs.
- Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun úrgangs.
- Komið verði á flokkun úrgangs á heimilum og skapaðir möguleikar fyrir íbúanna að koma frá sér flokkuðum úrgangi.

Úrgangsstjórnun

Hörgárbyggð er aðili að Flokkun ehf., sem er í eigu sveitarfélaganna í Eyjafirði. Úrgangur frá heimilum er hirtur hálfsmánaðarlega. Fyrirtæki sjá sjálf um hirðingu og meðhöndlun úrgangs sem fellur til hjá þeim og greiða þann kostnað sem því fylgir. Úrgangur frá fyrirtækjum er 60-65% af þeim úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu og er það flutt til urðunar á Glerárdal. Íbúar geta fengið bíl eftir þörfum til að sækja brotajárn. Rúlluplast er sótt mánaðarlega og flutt til Akureyrar³. Gert ráð fyrir að úrgangsmálum verði vísað til væntanlegs svæðisskipulags fyrir sveitarfélögin við Eyjafjörð, sem m.a. er ætlað að taka á þeim málaflokki. Unnið er að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs í

³ Hörgárbyggð, drög að Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð, 2006

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

samræmi við lög 55/2003 þar sem tekið verður á því með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum um meðhöndlun úrgangs.

4.1.8 Svæði fyrir frístundabyggð**Markmið:**

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Leyfilegt að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi
- Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við þjóðveg 1.
- Leitast skal við að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.

Leiðir:

- Við deiliskipulagsvinnu skal fara fram deiliskráning fornleifa og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands á sumarhúsasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Taka skal tillit til landslags, sögu slóða, gróðu r f a r s og útsýnisstaða við skipulag frístundahúsabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Skipulagið nær bæði til þegar byggðra svæða og óbyggðra svæða. Í sveitarfélaginu eru á sjöunda tug sumarhúsa auk veiðihúss. Í flestum tilvikum er um að ræða einstök hús inn á jörðum í einkaeign.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreind nokkur svæði undir frístundabyggð þurfa því allar framkvæmdir á svæðum fyrir frístundabyggð frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð.



Mynd 15. F5 Krossastaðir.

Svæði undir frístundabyggð eru þessi:

Nr	Heiti	Lýsing
F1	Sílastaðir	Samkvæmt deiliskipulagi frá 2004 er gert ráð fyrir 12 frístundahúsum á um 15 ha svæði. Svæðið er fullbyggt.
F2	Hagaskógur	Samkvæmt deiliskipulagi frá 1990 er gert ráð fyrir 8 frístundahúsum á um 9 ha svæði. Á svæðinu eru 3 hús af 9 risin.
F3	Steðji	Samkvæmt deiliskipulagi frá 2007 er gert ráð fyrir 41 frístundahúsi, auk 12 skógræktarlóða, á rúmlega 25 ha svæði. Á svæðinu eru 8 hús risin.
F4	Staðartunga	Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir 20-24 húsum. Svæðið er um 23 ha. Eitt hús er risið á svæðinu.
F5	Krossastaðir	Stærð svæðis 86 ha. Lóðir 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall 0,03.
F6	Baugasel	Eyðibýli í Barkárdal notað sem gönguskáli. Baugasel er gamalt býli sem fór í eyði 1965 en Ferðafélagið Hörgur, hefur unnið að lagfæringu gömlu bæjarhúsanna. Bærinn er torfbær með tveim timburburstum og er frambærinn óþiljaður með moldargólfi en baðstofan þiljuð í hólfi og gólf. Þar eru nokkur rúmstæði, borð og gashitun.
F7	Auðnir 2	Stærð svæðis um 30 ha. Gert er ráð fyrir 8-10 lóðum og skógrækt á svæðinu.
F8	Vaðnes	Gert er ráð fyrir um 10 sumarhúsum á svæði sem er um 5 ha. Svæðið tengist frá heimreið að Hrauni um túnslóða til norðausturs. Yfirbragð og þéttleiki verður nánar skilgreint í deiliskipulagi.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáæktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).



Mynd 16. Miðháls. Mynd. Landmótun.

4.1.9 Opin svæði til sérstakra nota

Markmið:

a. Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðapjónustu.

Leiðir:

- Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.
- Útivistarsvæði í sveitarfélaginu verði gerð aðgengileg fyrir almenning.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru m.a. golfvelli og tjaldsvæði. Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreind nokkur opin svæði til sérstakra nota og þurfa því allar framkvæmdir á opnum svæðum til sérstakra nota frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
Ú1	Laugaland	Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Eyfirðinga. Stærð svæðis er 100 ha og er skógurinn nýttur sem útivistarsvæði.	Laugaland
Ú2	Vaglir	Skógræktarsvæði Skógræktar ríkisins. Stærð svæðis er um 90 ha og er svæðið nýtt til útivistar.	Vaglir
Ú3	Miðhálsstaðir	Skógræktarsvæði. Svæðið er notað sem útivistarsvæði. Er í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Stærð svæðis er um 70 ha.	Miðhálsstaðir
Ú4	Jónasarlundur	Skógræktarsvæði og minningarlundur. Stærð svæðis 3,6 ha og er svæðið nýtt sem áningarstaður og útivistarsvæði.	Steinsstaðir
Ú5	Melar	Tjaldsvæði, stærð svæðis 1,4 ha.	Hallfríðarstaðir
Ú6	Gásir	Tilgátubúðir. Stærð svæðis er um 1 ha.	Gásir
Ú7	Vindheimajökull	Útivistarsvæði sem tengist, skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli	Krossastaðir ofl.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum. Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

4.1.10 Óbyggð svæði

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 400 m er skilgreint í þessum flokki. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu.

Markmið:

g. Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.

Leiðir:

- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. vegi, merkingu á gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.

4.1.11 Landbúnaðarsvæði**Markmið:**

- Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar.
- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum.
- Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.

Leiðir:

- Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Að bætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins
- Að stutt verði við hlunnindabúskap í héraðinu með markvissri meindýraeyðingu.
- Leitað verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- Að sauðfjárbændur og mjólkurframleiðendur eigi kost á hagstæðum lánum til kaupa á framleiðslurétti.
- Að markaðsmál verði tekin til endurskoðunar með því að markmiði að tryggja bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar.

- Jarðeigendur verði hvattir til að taka þátt í Norðurlandsskógum. Einkum verði horft til svæða inn til dala, sem henta illa til annarra nýtna, s.s. fyrir byggingarland.

Megin landnotkun á undirlendi Hörgárbyggðar er landbúnaður, þar sem m.a. fer fram skógrækt. Hér er fjallað sérstaklega um (i) skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum og (ii) byggingar.

Landgræðsla og skógrækt

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Norðurlandsskógaverkefnið verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti.

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Norðurlandsskógaverkefnið gerir á hverjum tíma og við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir skal leitast við að tryggja fjölbreytni trjátegunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Norðurlandsskógar hafa á síðustu árum sent sveitarstjórn Hörgárbyggðar útlínur skógræktarsvæða þar sem sveitarstjórn getur gert athugasemdir. Á grundvelli nákvæmrar vettvangsskoðunar og skoðunar á fyrirliggjandi gögnum um forn- og náttúruminjar er síðan unnin skógræktaráætlun í samráði við skógarbónda og getur því sveitarstjórn gert athugasemdir við fyrirhuguð samningsvæði.

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti sérgreind markmið (sbr. hér fyrr í greinargerðinni í kafla 2.9 *Stefnumið fyrir landbúnaðarsvæði í Tillögum að mótvægisáðgerðum/vöktun* bls.38).

- a. Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgæðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.
- b. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.
- c. Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. einnig kafla 4.2.2. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- d. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.



Mynd 17. Hörgárdalur. Mynd. Landmótun.

- e. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Eftirtaldir jarðir eru samningsbundnar Norðurlandsskógum.

Heiti jarðar	Tegund	Stærð (ha)
Aslaksstaðir		44
Hraukbæjarkot		11
Moldhaugar		19
Glæsibær		275
Dagverðareyri		72
Steðji		41
Skjaldarstaðir		40
Gerði		35
Flaga		40
Dagverðartunga		22
Myrkárbakki		23
Hólar		90

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 400 m hæð og er það gert vegna skógræktar. Ekki eru þó heimilaðar byggingar tengdar búrekstri ofar 200 m heldur gilda ákvæði um óbyggð svæði.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. (..¹⁾) Þó er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Minnt er enn og aftur á að allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreindur landbúnaður á stórum hluta og þurfa því allar fyrirhugaðar framkvæmdir þar að fá umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra áður en þær er ráðist, til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæðis.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

¹⁾ Breyting 28. maí 2009: Felld niður setningin: "Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag."

NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. (Sjá einnig gr. 4.19 í skipulagsreglugerð).

Ferðapjónusta á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að veita almenna ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. „ferðapjónustu bænda“, gistingu og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðapjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að þriggja frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir frístundabyggð. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðapjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstri, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1.500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

4.2 Verndarsvæði og náttúruvæði**4.2.1 Náttúruverndarsvæði****Markmið:**

- a. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

Leiðir:

- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Jarðmyndanir og vistgerðir

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru:

- i) Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- ii) Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- iii) Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- iv) Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðabreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- v) Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum. Minnt er á að samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.



Mynd 18. Hraun í Öxnadal. Mynd. Landmótun.

Hraun í Öxnadal

Hinn 10. maí 2007 var að tillögu Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns, með samþykki sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og að fengnu áleti Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni.

Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaarfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson.

Mörk fólkvangsins eru sýnd á landnotkunarupprætti.

Svæði á náttúruminjaskrá

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Í töflu hér að neðan eru svæði á náttúruminjaskrá lýst nánar eins og þau birtast orðrétt í náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

Nr. í skrá	Heiti svæðis
501	„Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.“
505	„Hraunsvatn og Vatnsdalur, Öxnadalshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.“
506	„Hörgárósar Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.“
507	„Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Silastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnunum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.2

Í náttúruvinnjaskrá Umhverfisstofnunar er ósamræmi á milli texta og uppráttar á svæði 507.

Sveitarstjórn mun óska eftir að mörkum verði breytt í samræmi við tillögur um hverfisvernd á svæðinu þar sem tekið er tillit til verndargildis svæðisins.

Gásir (506)

Gásir við Eyjafjörð eru einstakur staður 11 km norðan við Akureyri. Hvergi á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum. Gásir voru helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og er staðarins víða getið í fornritum frá 13. og 14. öld. Fornleifarannsóknir undanfarnir ár hafa sýnt fram á að verslun á staðnum hafi staðið allt fram á 16. öld og jafnvel þar til verslun hófst á Akureyri. Svæðið er á náttúruvinnjaskrá og þar finnast m.a. plöntur á válista. Gásasvæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífsins auk þess sem þar eru plöntur á válista. Auk þess skartar það einni af fáum leirum í Eyjafirði. Mikið graslendi er á Gásasvæðinu, flæðimýrar, strandgróður og grunnsævi við ósa Hörgár. Við Hörgárósana vaxa auk sjaldgæfra tegunda eins og flæðalófóts og mariulykils flestar tegundir sem einkenna sjávarfitjar á Íslandi m.a.

er á svæðinu en um 30 tegundir vatnafugla verpa þar. Fugla eins og grágæs, brandönd og stormmáf má sjá á Gásum. Hvergi á landinu eru til jafnmiklar minjar um verslun til forna eins og á Gásum og því eðlilegt að staðurinn hafi vakið athygli fornleifafræðinga. Árin 1907 og 1986 voru gerðar könnunarannsóknir á Gásum sem sýndu að þar eru djúp og flókin mannvistarlög frá miðöldum.⁴ Á árunum 2001-2006 fóru þar fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir og staðfesta þær niðurstöður fyrri rannsókna um þá starfsemi sem var á Gásum á miðöldum.

Á Gásum er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við miðaldakaupstaðinn. Á svæðinu verður reist tilgátubúðir sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. unnið verði að því að gera svæðið aðgengilegra og um leið skiljanlegra m.a. með göngustígum og fræðsluskiltum um náttúrufer, fornleifar og sögu Gása en einnig tengja Gásir öðrum sögustöðum í nágrenninu. Auk þessa á að bæta þjónustu á staðnum með snyrtingum og bættri aðkomu.

Í framhaldinu er síðan ætlunin að á svæðinu verði settar upp tilgátubúðir sem verði í samræmi við niðurstöður fornleifarannsóknarinnar, með það að leiðarljósi að gestir fái vitneskju um hvernig hýbýlin á Gásum voru byggð og úr hverju. Á vissum tímum verða þar lifandi sýningar með fólki við störf og leik þar sem gesturinn getur upplifað staðinn með því að sjá, hlusta og taka þátt í því sem fram fer. Þetta svæði er skilgreint sem opið svæði til sérstakra sbr. kafla 4.1.8.

Gásir verður um leið afþreyingarsvæði þar sem hægt verður að sækja allt í senn fróðleik, skemmtun og afþreyingu sem byggir á sérstöðu staðarins, þ.e. sögu hans og nærliggjandi sögustaða, fornleifum, náttúru, handverki og iðnaði.



Mynd 19. Frá Gásum. Mynd. Landmótun.

⁴ Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Í væntanlegu þjónustuhúsi er fyrirhugað að verði varanleg yfirlitssýning um Gásakaupstað og verslun á miðöldum en auk sýningarsalar verður þar fjölnotasalur/kaffiðstaða, móttaka og minjagripaverslun, snyrtingar, vinnuðstaða og geymsla.

Eftirfarandi umgengnisreglur og ákvæði gilda um Gása:

- a. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- b. brún minja á jaðri rústasvæðis og verður öllu jarðraski haldið þar í lágmarki (undanskilið er rask vegna rannsókna á minjasvæðinu). Mannvirkjagerð er einskorðuð við stíga og útsýnispalla til að greiða fyrir aðgengi almennings að rústum en um leið hlífa þeim fyrir of miklum ágangi.
- c. Skógrækt skal ekki fara nær öðrum þekktum fornminjum en 20 m.
- d. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum, sem tryggt verður að séu greiðfærir flestum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verði settar prílur.

4.2.2 Þjóðminjaverndarsvæði

Markmið

- Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfis-skyldar framkvæmdir.
- Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 4.1.10.

Leiðir:

- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
- Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Gásam til að kynna staðinn og koma honum á framfæri.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminum í sveitarfélaginu verði eflað.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.
- Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.

Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

Friðlýstar fornleifar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa. Fornleifarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdraetti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakinn er athygli þeim helstu

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).

og þau vernduð í flokki hverfisverndar sbr. kafla 4.2.5. Í þjóðminjalögunum segir að til fornleifa teljist „*hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á*“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, fristundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fari fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 4.1.10. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. kafla 2.10.2, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur.

Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Fornleifaverndar ríkisins. Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir býlum eða afréttum og er orðrétt tilvísun í skrána sýnd með skáletri. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Þ1	Gæsir	a. Allar hinar fornu búðartóftir á Gáseyri. Sbr. Árb. 1901: 18; Árb. 1908: 3-8. b. Kirkjutóft og kirkjugarður, á dálitilli brún fyrir vestan grundina, sem búðartóftirnar eru á. Sbr. Árb. 1908: 5-8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ2	Auðbrekka	Steinker gamalt, stórt; höggvið út úr rauðleitu móbergi. Sbr. Árb. 1924: 51. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ3	Fornhagi	"Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann, er Kirkjuhóll heitir, niðri í túninu. Sbr. Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ4	Staðartunga	Forntóftir þrjár, sem eru á móanum vestan megin við Yxnadalsbrúna. Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ5	Öxnhóll	"Lögrjetta", er svo heitir, dálitil girðing nálægt landamærum Öxnhóls og Barkár. Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ6	Búðarnes	Búðartóftir þrjár fornar; þær eru í nesinu, sem Hörgá myndar þar. Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ7	Myrkárdalur	Rústarbrot forn, útundan gamalli uppgróinni skriðu. Sbr. Víga-Glúms sögu, 26. kap.; 68 Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ8	Bakki	Leifar hins forna eyðibýlis Hofgerðis. Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
Þ9	Gloppa	a. "Kofarúst skógarmanns", norðanmegin við Vaskárgljúfrið, og b. "dys skógarmannsins", sunnanmegin við það gljúfur. Sbr. Árb. 1906: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Friðuð hús



Mynd 20. Frá Skípalóni. Mynd. Landmótun.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

Í sveitarfélaginu eru nokkur friðuð hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga sem flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.

Nr.	Friðlýst hús	Lýsing
Þ10	Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð	Timburhús reist 1866. Höfundur Þorsteinn Danielsson forsmiður á Skípalóni. Kirkjan byggð upp úr Ósstofu í Hörgárdal sem Þorsteinn reisti 1858. Turn reistur 1929. Höfundur ókunnur. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Þ11	Lónsstofa á Skípalóni	Stokkbyggt timburhús reist 1824. Höfundur Þorsteinn Danielsson forsmiður á Skípalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Þ11	Smíðahús á Skípalóni	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Danielsson forsmiður á Skípalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Þ12	Ytri-Bægisárkirkja	Timburhús reist 1858. Höfundur Sigurður Pétursson timburmaður á Akureyri. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Þ13	Bakkakirkja í Öxnadal	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Danielsson forsmiður á Skípalóni. Forkirkja reist 1910. Höfundur ókunnur. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

4.2.3 Verndarsvæði vegna neysluvatns

Markmið:

- a. Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnu-starfsemi.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunarupprætti.

Flokkur I. Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- a. Svæðin skulu vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

- b. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Eitt brunnsvæði er í Hörgárbyggð. Það er staðsett á áreyrum Hörgár fyrir neðan Vaglir.

Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- a. Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- b. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- c. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði í Hörgárbyggð er sýnt á landnotkunarupprætti.⁵

Flokkur III. Fjarsvæði

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- a. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- b. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhús og annarra mannvirkja.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins eru skilgreindir eftirfarandi landnotkunarflokkar; efnistökusvæði, landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota og frístundabyggðarsvæði. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Hörgárbyggð, 1998

VERNDARSVÆÐI VEGNA MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).

4.2.4 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns**Markmið:**

a. Vatnsgæði í sveitarfélaginu séu ávallt til fyrirmyndar.

Leiðir:

- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram. Sjávarströndin við Hörgárósa er skilgreind í verndarflokki I, vegna varna gegn sjávarmengun í samræmi við gr. 4.21 í skipulagsreglugerð. Ástæða verndunarinnar var fyrst og fremst nálægð strandsvæðisins við útivistarsvæði og tekið er tillit til veiðisvæða. Sama afmörkun og skilgreiningin var í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 en það skipulag hefur verið fellt úr gildi.

4.2.5 Hverfisverndarsvæði**Markmið:**

a. Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.
- Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.
- Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Gásum til að kynna staðinn og koma honum á framfæri.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminum í sveitarfélaginu verði efl.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.
- Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.
- Ræktunarminum í sveitarfélaginu s.s. áveituskurðum, beðasléttum, túngörðum o.fl. verði haldið til haga.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna fornleifa.

Hverfisvernd í Hörgárbyggð vegna náttúruminja

Gerð er tillaga um eitt svæði sem fellur undir hverfisvernd í dreifbýli Hörgárbyggðar sem er Krossanesborgir frá Dvergasteini og umhverfi Lónsins, strandlengjan frá ósum Lónsins að Skjaldarvík.

HV1 Krossanesborgir og strandlengjan

Um er að ræða hverfisverndarsvæði í beinu framhaldi fólkvangs í Krossanesborgum. Innan svæðisins er Lónið að sjó, aðliggjandi votlendi og klapparásar að landi Dvergasteins. Ennfremur strandlengjan frá Bjargi að syðri hluta Skjaldarvíkur. Svæðið er sérstakt vegna klettaborga eða klapparása og mikils og fjölbreytts fuglalífs. Sérkennilegt landslag, jökulminjar, votlendi og hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Hluti af svæði er á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

- Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.
- Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.

e.

Nr.	Svæði	Lýsing
HV1	Krossanesborgir og strandlengjan	Svæðið er í beinu framhaldi fólkvangs Akureyrarbæjar í Krossanesborgum og meðfram Lóninu frá landamerkum Dvergasteins að strandlengjunni frá Bjargi að syðri hluta Skjaldarvíkur.

Hverfisvernd vegna fornleifa

Auk friðlýstra fornleifa er fjöldi annarra fornminja á svæðinu. Skráning fornleifa í Hörgárbyggð lauk sumarið 2006 og er nú unnið að skýrslum um þær niðurstöður. Samtals voru fornleifar skráðar á 59 jörðum og um 1000 minjastaðir í Hörgárbyggð og eru þær í fyrrum Skriðuhreppi og Öxnadal. Í Glæsibæjarhreppi eru minjarnar um 750 þannig að samtals eru þetta um 1750 minjastaðir og ber þess að geta að þeir njóta allir friðhelgi samkvæmt lögum. Á grundvelli fornleifaskráningarinnar hafa verið valin 17 minjasvæði/staðir í Hörgárbyggð sem taldar eru sérlega áhugaverðar og gætu hentað

til kynningar. Fjöldi annarra áhugaverðra minjastaða er þó að finna í sveitarfélaginu og í raun alltaf háð persónulegu mati hvaða minjar teljast áhugaverðari en aðrar.

Fyrir utan átta staka minjastaði er áherslan lögð á minjabyrpingar og menningarlandslag enda gildi þeirra fornleifa sem varðveist hafa í samhengi við lítt raskað landslag og aðrar fornleifar að jafnaði meira, sér í lagi til kynningar, heldur en stakstæðar fornleifar sem varðveist hafa úr samhengi við það landslag sem þær voru getnar í.

Góð leið til að varðveita minjastaði getur verið að kynna þá og gera aðgengilega almenningi og því getur vel farið saman kynning og fornleifavernd.

Hverfisverndarsvæðin eru merkt með hringlagatákni sem er staðsett þar sem merkir minjaststaðir og/eða margar minjar eru í þyrpingu. Þar sem menningarlandslag er samfellt verður að hafa, í huga að í nágrenni táknanna og á milli þeirra geta verið merkar minjar sem taka þarf tillit til og þar sem mörg slík tákn væri oftast best að vernda alveg svæðin á milli.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- Deiliskráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.
- Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útivistarsvæði.
- Hverfisvernduðu svæðin verða merktar og fræðsluefni um þær komið á framfæri.
- Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

Minjasvæði

Eyðibýggð í Hörgárbyggð er sá flokkur minja sem er hvað forvitnilegastur og fellur vel til kynningar. Stór hluti þeirra áhugaverðu minjastaða/minjastæða sem fjallað verður um hér á eftir er hluti af slíkri eyðibýggð. Hér verða fyrst nefnd 9 minjasvæði í Hörgárbyggð sem teljast hafa sérlega gott minjagildi og gætu hentað til kynningar fyrir almenning. Númer í svigum eru úr skrá Fornleifaverndar ríkisins.

Nr.	Svæði	Lýsing
H1	Rústir selja á Þorvaldsdal	Sunnarlega í Þorvaldsdal er að finna óraskaðar rústir tveggja selja, annars vegar eru rústir Fornhagasels (190:022) vestan megin á dalnum og hins vegar Auðbrekkusels (184:016) austanmegin. Þessar rústir eru sérlega áhugaverðar í ljósi

		annarra minja á norðanverðum Þorvaldsdal.
H2	Eyðibýggð á Barkárdal	Eyðibýggð á Barkárdal hefur varðveist vel og þar leynast fallegar og fjölbreytilegar minjar bæja, útihúsa, stekkja, selja, beitarhúsa, smalakofa, gamalla leiða og í raun flestar þær tegundir minja sem vænta má að finna í búlegri dalabýggð frá fyrri öldum. Kringlugerði (201:009) Hálskot (201:010) Bæjarhóllinn í Sörlatungu (198:001) , Féeggstaðir , Baugasel og nánasta umhverfi.
H3	Hörgárdalsbotn	Í botni Hörgárdals eru talsverðar leifar eyðibýggðar. Ásgerðarstaðasel (208:001). Eyðibýlin Nýibær (211:001), Einhamar (212:001) og Bás (213:001) Flögusel (209:001-011) og Framland (210:001-008).
H4	Minjar í úthögum Staðartungu	Staðartunga hefur sjálfsgagt byggst snemma enda fannst þar kuml frá fyrstu öldum. Sunnan við bæinn er auðugt minjasvæði. Þar er býlið Skuggi (215:009), sunnar er Klausturhús (215:022), leifar býlisins Sandhóla (215:010), Saurbæjarsel (215:011) og Staðartungubeitarhús 215:029).
H5	Fornleifar á Myrkárdal	<i>Fornleifar á Myrkárdal eru heillegar og skemmtilegar. Kerlingastekkur (205:012), ýmsar minjar í heimatúni á Myrkárdalsbænum (205:001), tóft á Kofavelli (205:006). Á Stóragerði (204:001) sjást tóftir síðasta bæjarins ásamt fjölda útihúsatófta í túni (204:002, 204:003 og 204:009-012) og túngarði (204:004). Innar á Myrkárdal er Myrkárssels (203b:001 og 002) ásamt leifum af seli frá Hallgerðarstöðum (203b:003), smalakofarústir (203b:004).</i>
H6	Rústir í utanverðum Öxnadal	Í utanverðum Öxnadal er enn talsverð byggð en þar leynast þó einnig umfangsmikil eyðibýggð sem lítið hefur verið raskað. Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Hraunshöfða (218:001-007), minjar í heimatúni Neðstalands (233:001-006). Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Miðhálsstöðum (216:001-003 og 007) sjást enn. Um allar þessar minjar gildir að þær eru mjög sjónrænar og aðgengilegar.
H7	Eyðibýggð í innanverðum Öxnadal	Eyðibýggð innanverðum Öxnadal er blómleg og hefur henni lítið verið raskað. Heimatún Bessahlaða er með vel varðveittum fornleifum (224:001-004, 009, 011, 013-016). Sel frá Varmavatnshólum (225:005) er umfangsmiklar selleifar. Heimatún Fagraness (228:001, 003, 009, 011-015) er að talsverðu leyti ósléttað. Þar sjást tóftir síðasta bæjarins auk útihúsa og vallargarðs.
H8	Jörðin Bakkasel	Jörðin Bakkasel er fyrir margra hluta sakir sérstæð jörð. Gamli bærinn og útihús (219B:001-006, 009-010, 015-017, 027, 029-030), Lurkasteinn (219b:011) er minnisvarði um þjóðtrú, skammt utan við Bakkaselsbæinn þá er smalabyrgi á Seldal (219b:019). Sunnan við Bakkasel eru mjög fornlegar rústir (219B:022). Útlit rústanna bendir helst til að þær séu mjög gamlar.
H9	Jörðin Hraun í Öxnadal	Sem dæmi um áhugaverða minjastaði í landi Hrauns má nefna Melagerði (221:012) og nokkuð áhugavert garðlag er við Hraunsvatn (221:030) þar sem Hraunsá fellur úr Hraunsvatni.

Minjastaðir

Auk minjasvæðanna í Hörgárbyggð sem þegar eru upptalinn má nefna nokkrar stakstæðar minjar á svæðinu sem teljast af einhverjum orsökum sérlega merkar og ástæða er til að huga að sérstaklega.

Nr.	Svæði	Lýsing
H10	Bæjarstæði Skipalóns	Við Skipalón standa tvö friðuð timburhús frá síðustu öld. (250:001-002). Auk þessa eru í námunda við bæinn leifar brunns, útihúsa, myndarlegs túngarðs og fleiri tóftir. Húsin eru nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.
H11	Seltóftir í landi Tréstaða.	Tóftir (252:007) þessar eru mjög greinilegar og í lítilli fjarlægð frá bæ og þjóðvegi.
H12	Vindheimaborg	Hringlaga fjárborg hátt upp í fjalli sem sést víða að. Borgin er haglega hlaðin úr þungum bergplötum er sú eina á þessu svæði og hefur því sérlega gott varðveislu- og kynningargildi.
H13	Skilaréttir í landi Fornhaga	Hlaðnar skilaréttir hafa gjaman vikið á síðustu áratugum en þrátt fyrir það eru nokkrar stæðilegar skilaréttir eftir í Hörgárbyggð. Þverrárrétt eldri (231:009) og Þorvaldsdalsrétt (190:010) í landi Fornhaga eru dæmi um stórar og fallegar réttir sem hafa mikið varðveislu- og jafnvel kynningargildi.
H14	Stekkjartóftir í landi Dagverðartungu og Ásgerðarstaða	Á skráningarsvæðinu voru fjölmargar skemmtilegar stekkjartóftir. Sem dæmi um slíkar tóftir má nefna Stekk í Stekkjarhvammi í landi Dagverðartungu (191:009) og stekkur í landi Ásgerðarstaða (207:009). Báðar stekkjartóftirnar eru dæmigerðar og skemmtilegt umhverfi þeirra hefur gott varðveislu- og kynningargildi og gætu auðveldlega þjónað því hlutverki að kynna forna búskaparhætti fyrir almenningi.
H15	Selrústir Bægisárdal og ofan við Háls	Við Bægisársel (238:008) eru 4-5 tóftir í dalsmynni Bægisárdal og á leiðinni upp að selinu frá Syðri-Bægisá eru nokkrar fornleifar sem vel mætti kynna gestum s.s. forn stekkjarrúst 022 og náttthagi 023 . Þá eru selrústir frá Hálsi á gönguleið upp að Hraunsvatni s.s. seltófta í hliðinni ofan við Háls (222:007 og 010) við Selás. Þar eru tvær tóftabyrpingar sem báðar eru fornlegar á að líta.
H16	Djárnasteinninn á Myrká	Djárnasteinninn (203:028) á Myrká er samkvæmt munnmælum tengdur einni af frægustu þjóðsögum þessa lands, Djárninn á Myrká. Djárnasteinn og er nú fast utan við kirkjugarð, neðan við sáluhlíðið. Vegna þjóðsögunnar hefur steinninn ótvírætt varðveislu- og kynningargildi.
H17	Kuml eða smalabyrgi í landi Flögu	Í Flöguhóli (212:005) á að vera heygður bóndi frá Staðartungu, sem Þórólfr sterki Skólmsón í Flögu á að hafa drepið. Frásögnin er þjóðsagnakennd en á hólum fundust hins vegar leifar sem ekki er hægt að útiloka að gætu verið kuml. Á báðum hóltoppunum eru ferhyrningslaga grjóthleðslur og ekki hægt að útiloka að þær séu grónar leifar af löngu útflöttum smalabyrgjum.

Aðrir minjastaðir


Trjágarðurinn við Skriðu í Hörgárdal í Eyjafirði telst vera elsti trjágarðurinn á Íslandi og var hann gróðursettur um 1825 af Þorláki Hallgrímssyni og sonum hans, Birni og Jóni. Jón Kærnested hafði stundað nám í garðyrkju í Danmörku og skrifað lítið hefti sem kom út 1824 um garðyrkju þar sem meðal annars var fjallað um trjárækt. Jónas Hallgrímsson náttúrufræðingur og skáld segir frá í dagbók sinni þann 10. júlí 1839 að hann hafi séð nokkur allstór reynitré og að Þorlákur bóndi hafi gróðursett bjarkartrjágöng sem döfnuðu þó nokkuð vel.

Reyniviðartrén eru upprunnin innan úr Eyjafirði og eru til sagnir allt aftur í kaþólskan sið um hinn Helga meið í Möðrufellsskriðu. Reyniviður var sóttur að Skriðu þegar Alþingisgarðurinn var gerður 1894 og einnig þegar Sigtryggur á Núpi hóf að gera garðinn Skrúð í Dýrafirði.

Samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Hörgárbyggðar að hverfisvernda trjágarðinn Skriðu í Hörgárdal. Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- a. Halda skal í upphaflegt form og uppbyggingu garðsins
- b. Breytingar eru mjög varasamar og skulu nauðsynlegar breytingar vera gerðar í samráði við fagaðila.
- c. Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- d. Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hið hverfisverndaða svæði sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útivistarsvæði.
- e. Hverfisverndaða svæðið verði merkt og fræðsluefni um það komið á framfæri.
- f. Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

Nr.	Svæði	Lýsing
H18	Skriða	Elsti trjágarðurinn á Íslandi og var hann gróðursettur um 1825 af Þorláki Hallgrímssyni og sonum hans, Birni og Jóni Kærnested.



Mynd 21. Þekkt ofanflóðasvæði. (Heimild: Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018)

4.2.6 Svæði undir náttúruvá

Markmið:

- Þess verði gætt að íbúðarbyggð og fristundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum.
- Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum
- Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs

Leiðir:

- Spornað verði við landbroti af völdum sjávargangs á Gásam.
- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um svæði undir náttúruvá segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnarkjörum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó t.a.m. Gásar þar sem nokkuð er um landbrot. Ekki er gert ráð fyrir því að reistur verði sjóvarnargarður til að verjast landbroti við Gása en skoða þarf vandlega úrlausnir ef minjasvæði fer að stafa hættu af ágangi sjávar. Engin íbúðarbyggð er á hættusvæði vegna sjávarflóða. Hættusvæði vegna árflóða eru svæði við Hörgá, en helstu erfiðleikar vegna hennar eru sá flutningur sem hefur verið á árfarveginum nánast á hverju ári. Öxnadalssá er einnig nokkuð virk við efnisflutninga, áin brýtur úr bökkum og má sérstaklega nefna Neðstalandshólma og víðar austanvert í bökkum.

Ofanflóð

Ekki hefur verið gerð heildstæð úttekt á hættu vegna ofanflóða í Hörgárbyggð. Svæðið er utan jarð-skjálfta- og eldgosavæða og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati. Í bókaflokknum "Skriðuföll og snjóflóð" er mjög ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar greina og fram til árána 1990 og 1991. Í Hörgárdal og í innanverðum Öxnadal er oft getið um stórar skriður og snjóflóð. Í forsenduhefti sem fylgir þessari greinargerð er gert grein fyrir snjóflóðum og skriðuföllum í

Hörgárbyggð. Við nánari úttekt á þeirri samantekt má greina 5 svæði þar sem snjóflóð og skriðuföll hafa fallið í gegnum tíðina.

1. Innst í Öxnadal frá Bakkaseli að Fagranesi: Skriðuföll og snjóflóð.
2. Undan Landafjalli frá Steinshöfða að Miðlandi. Skriðuföll.
3. Myrkárdalur: Skriðuföll og snjóflóð.
4. Frá Barká að Lönguhlíð. Mestmegnis skriðuföll og stök snjóflóð.
5. Frá Skriðu að Brakanda: Skriðuföll og snjóflóð.

Á svæðum 1, 3 og 4 eru ofanflóð mun tíðari en á svæðum 2 og 5.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.


Hörgárbyggð flokkast í næstlægsta og lægsta áhættuflokk og ber að miða við hönnunarhröðunina 0,15 g -0,10 g og skal hönnun mannvirkja í Hörgárbyggð miðast við fyrrnefnda staðla.

Af stærstu skjálftum sem hafa orðið á svæðinu má nefna Dalvíkurskjálftann 1934 og skjálftann sem átti upptök sín í mynni Skagafjarðar árið 1963.

Skjálftahrinan sem kennd er við Dalvík (1934) var mjög mikil. Verulegar skemmdir urðu á mannvirkjum norðanvert við Eyjafjörð. Áhrif skjálftans voru þeim mun minni sem sunnar dró á Eyjafjarðarsvæðinu.

Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum en áður er getið.



Mynd 22 Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

VEGIR

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30m til beggja hliða frá miðlinu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15m til beggja hliða frá miðlinu	Vegalög
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlinu vega 40m frá skurðpunkti*	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 dB**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005 **

*Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150m.

**Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Ný reglugerð er í vinnslu.

Mynd 23. Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu. (Heimild: Vegagerðin 2007)

4.3 Samgöngur og veitur**4.3.1 Vegir****Markmið:**

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Tengivegir innan byggðarinnar verða endurbættir vegna skólaaksturs og vinnusóknar utan heimilis.

Leiðir:

- Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög.
- Aukið verði öryggi vegfaranda á vegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengibrauta og fækkun heimtraða við Hringveginn vegna umferðaröryggis.
- Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.
- Sett verði undirgöng undir Hringveginn í nágrenni við Þelamerkurskóla.

Vegsamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er góð í sveitarfélaginu. Þjóðvegir á láglendi flokkast í stofnvegi og tengivegi. Safnvegum og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. Gönguleiðir á láglendi eru ekki auðkenndar sérstaklega, en fjallað er um helstu gönguleiðir ofan byggðar og á afrétti í kafla 3.4.2.

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2010 og þingsályktunartillögu til 2018.

Stofnvegir

Á skipulagsupprættum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2007-2018 og tillögum sveitarstjórnar. Í Hörgárbyggð eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
1	Hringvegur	Frá sýslumörkum á Öxnadalshéiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Samkvæmt Samgönguáætlun ríkisins 2007-2018 er gert ráð fyrir að Hringvegur verði breikkaður á milli Borgarnes og Akureyrar á tímabilinu 2011-2018.
82	Ólafsfjarðarvegur	Af Hringvegi á Moldhaugahálsi um Hörgárbyggð. Ekki er gerð tillaga um breytingu á Ólafsfjarðarvegi (82) á skipulagstímanum.



Mynd 24. Hörgárdalsvegur. Mynd. Landmótun.

Tengivegir

Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
814	Staðarbakkavegur	Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Myrkárbakka.
815	Hörgárdalsvegur	Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á Hörgárdalsvegi á milli Bjargar í Amarneshreppi að Skriðu í Hörgárbyggð
816	Dagverðareyrarvegur	Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg. Gert er ráð fyrir að vegur verði endurbyggður í sama vegstæði frá Hringvegi að Gásum.
817	Blómsturvallavegur	Af Hringvegi í Kræklingahlíð að Blómsturvöllum.
818	Hlíðarvegur	Af Hringvegi í Kræklingahlíð um Syðsta-Samtún að Ásláksstöðum.
8140	Auðnavegur	Frá Hringvegi að Bakka í Hörgárdal.
8160	Eyrarvíkurvegur	Frá Dagverðareyrarvegi að Glæsibæjarvegi.
8170	Skjaldarvíkurvegur	Frá Dagverðareyrarvegi að Skjaldarvík.
8243	Þelamerkurvegur	Frá Hringvegi við Bægisá að Hringvegi við Fossá

Aðrir kostir í vegagerð

Hér ber helst að nefna uppbyggingu ferðamannaleiða sbr. tenging Lónsbakka við Akureyri og tenging við Gása.

Safnvegir og einkavegir

Helstu vegir í þessum flokki eru heimreiðar að einstökum bæjum og eru flestar þeirra sýndar á skipulagsupprætti. Vegir í þessum flokki eru ekki sýndir til staðfestingar heldur settir fram til skýringar á upprætti.

GÖNGULEIÐIR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

4.3.2 Göngu- og hjólaleiðir**Markmið:**

- a. Stuðlað verði að almennri útivist í Hörgárbyggð og stutt við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.
- Göngustígar verði útbúnir í skógræktarsvæðum í sveitarfélaginu.
- Göng undir Hringveginn til að tengja Þelamerkurskóla við skógarreiði austan vegar.

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu og er í aðalskipulagi fyrst og fremst sýndar gönguleiðir sem tengjast yfir fjallgarða að nágrannasveitarfélögum sem og skilgreindar gönguleiðir meðfram Hörgá eða meðfram ströndinni. Aðrar gönguleiðir t.a.m. meðfram gömlum þjóðvegum eða gegnum skógarlundi eru ekki sýndar á upprættir. Gert er ráð fyrir hjólaleið samsíða og sunnan við Hringveginn frá Lónsbakka við Þelamerkurskóla. Hjólaleiðin tengist undirgöngum norðan við Hlíðarbæ og við Þelamerkurskóla. Helstu gönguleiðir eru færðar inn á skipulagupprætt en lega getur verið ónákvæm vegna mælikvarða og eru þær .

Gönguleið	Lýsing
A	Gönguleið frá Fornhaga um Þorvaldsdal yfir í Dalvíkurbyggð
B	Gengið frá Skriðu um Skriðudal yfir í Skíðadal
C	Gengið frá Bugi inn Barkárdal að Tungnahryggssjökli
D	Gengið frá Gili upp á Hörgárdalsheiði
E	Gengið frá Bægisá upp Bægisárdal sem leið nemur niður Glerárdal
F	Gengið frá Laugalandi um Krossastaðaárgil að skíðasvæði í Hlíðarfjalli
G	Gönguleið meðfram Hörgá
H	Strandleið frá Skjaldarvík að Gásum
I	Hjólaleið frá Lónsbakka að Þelamerkurskóla

REIÐSTÍGAR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir. Að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum og þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðir upp, en auk þeirra eru aðrar reiðleiðir sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð).

4.3.3 Reiðleiðir**Markmið:**

- a. Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- b. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

Leiðir:

- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannfélög.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, Hestamannafélög á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.

Reiðleið	Lýsing
A	Reiðleið samsíða þjóðvegi 815 frá sveitarfélagamörkum um Stóra-Dunhaga að Melum í Hörgárdal.
B	Frá Fornhaga um Þorvaldsdal að Dalvíkurbyggð.
C	Frá Melum meðfram Hörgárdalsvegi upp á Hörgárdalsheiði, þaðan að Hjaltadal í Skagabyggð og að Öxnadalsheiði.
D	Frá Öxnadalsheiði meðfram Hringveginum til Akureyrar.
E	Hólar um Kambskarð að Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit.
F	Frá Hlíðarbæ meðfram Dagverðareyruvegi að gatnamótum Hringvegjar og Dalvíkurvegjar.

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

4.3.4 Vatnsveita**Markmið:**

a. Stefnt er að því að öll byggð í Hörgárbyggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Viðurkennd vatnsból eru á þeim bæjum þar sem er starfrækt eru mjólkurbú. Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli. Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum.⁶

4.3.5 Hitaveita**Markmið:**

a. Stefnt er að því að sem stærstur hluti byggðar í Hörgárbyggð njóti hitaveitu.

Leiðir:

- a. Haldið verði áfram rannsóknnum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í Hörgárbyggð.

Hluti sveitarfélagsins er tengdur hitaveitu Norðurorku. Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum.⁷

4.3.6 Fráveita

Viðurkenndar rotþrær eru við alla bæi og sumarhús í sveitarfélaginu. Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum.⁸

4.3.7 Rafveita**Markmið:**

⁶ Breyting 5. október 2009

⁷ Breyting 5. október 2009

⁸ Breyting 5. október 2009

a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.*Leiðir:*

- *Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.*

Gert er ráð fyrir nýrri línu milli Blönduvirkjunar og Akureyrar, sem innan Hörgárbyggðar verður að mestu samsíða núverandi Rangárvallalínu 1. Gert er ráð fyrir að tvær samsíða 220 kV línur verði lagðar frá Moldhaugahálsi áleiðis að Dysnesi ef til þess kemur að þar verði byggður upp orkufrekur iðnaður. Gerður er þó fyrirvari er á línuleiðum Dysneslínunum 1 og 2. Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum.⁹

Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

- 66 kV línur 25 m.
- 132 kV 35-45 m.
- 220 kV 65-85 m.

Heiti línu	Lýsing
Rangárvallalína 1	Línuleið: Rangárvellir-Varmahlíð, spenna 132 kV.
Blöndulína 3	Línuleið: Rangárvellir-Blanda, spenna 220 kV.
Dalvíkurlína 1	Línuleið: Rangárvellir-Dalvík, spenna 66 kV. Byggð fyrir 132 kV.
Dysneslína 1 og 2	Línuleið: Moldhaugaháls-Dysnes, spenna 220 kV.

FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

4.3.8 Fjarskipti**Markmið:**

- a. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.

⁹ Breyting 5. október 2009.

b. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í allri Hörgárbyggð.

Leiðir:

- *Uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.*
- *Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.*

Unnt er að tengjast háhraðaneti fyrir tölvur á Lónsbakka og nágrenni. Á svæðinu þar norðan við er örbylgjusamband, sem ekki er nægilega afkastamikið. Í stærstum hluta sveitarfélagsins er ekki háhraðatengingu til að dreifa.

Farsímasamband er víðast í sveitarfélaginu, en á nokkrum bæjum er að það ekki fyrir hendi.

Minniháttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- og tengistöðvum allt að 100m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum.¹⁰

¹⁰ Breyting 5. október 2009.

5. ÞÉTTBÝLI

5.1. Inngangur

Meginmarkmið aðalskipulagsins eru talin upp í kafla 1.1. Markmiðin eiga einnig við fyrir dreifbýli Hörgárbyggðar en áherslur eru mismunandi.

5.2. Íbúðasvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að stækkun núverandi íbúðabyggðar.
- Stuðlað verði að góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.

Í stefnumörkun þessa aðalskipulags er gert er ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 12 eða fleiri íbúðir verða á ha. Á þeim svæðum sem teljast til framtíðar íbúðasvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 15	0,2 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,4 - 0,6
Samþýlishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,6 - 0,8

Samkvæmt skipulagslögum er ekki gert ráð fyrir að sýna landnotkun eftir að skipulagstímabilinu lýkur og eru slík svæði skv. gildandi aðalskipulagi því ekki sýnd.

Á skipulagsupprætti eru um 10 ha lands afmarkaðir fyrir íbúðabyggð


Núverandi þéttleiki byggðar er um 7-8 íbúðir/ha. Miðað við að þéttleiki á óbyggðum svæðum verði ekki minni en 10-15 íbúðir/ha þá er hægt að koma fyrir um 112 lóðum á Lónsbakka þegar það telst fullbyggt. Miðað við 2,5% árlega fjölgun íbúa er þörf fyrir 1 íbúð á ári sem gera 20 íbúðir í lok skipulagstímabilsins. Núverandi byggingarsvæði á Lónsbakka telst vera fullbyggt.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé og þjónusti íbúa viðkomandi hverfis. Hér er átt við starfsemi sem hvorki er talið að valda muni óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifa né heldur dragi að sér óeðlilega mikla umferð.



Mynd 25. Lónsbakki. Mynd. Landmótun.



Mynd 26. Áfangaskipting íbúðarbyggðar á Lónsbakka.

Götur	Þegar byggt	Óbyggðar lóðir
Skógarhlíð	37	1
Birkihlíð	8	0

Gert er ráð fyrir hóflega þéttri byggð á nýjum íbúðasvæðum sem náð verður fram með blöndun mismunandi húsagerða. Næst núverandi byggð og á auðum lóðum innan eldri byggðar skal virða einkenni og yfirbragð þeirrar byggðar sem fyrir er.

Í íbúaspám er miðað við 2,5% árlegri fjölgun á skipulagstímanum. Samkvæmt þessum spám verður framreiknaður íbúafjöldi á Lónsbakka árið 2026 á bilinu 155 manns (var 94 1. desember 2006).

Ný íbúðasvæði

Nýtt byggingarsvæði er samtals 5 ha að stærð og þar er rými fyrir um 50-75 íbúðir eins og kemur fram í töflu hér á eftir miðað við þéttleikann 10-15 íbúðir á ha. Þar sem gert er ráð fyrir að þörf sé á 20 íbúðum þá eru íbúðarsvæði vel yfir áætlaðri þörf til ársins 2026. Ásókn hefur verið í íbúðarhúsaloðir í sveitarfélaginu á undanfönum árum en vöntun á byggingarlandi í þéttbýli hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðarþróun í Hörgárbyggð. Vegna nálægðar við Akureyri og hversu forsendur geta auðveldlega breyst t.a.m. vegna fjölgunar atvinnutækifæra og annarra þátta þá eru sýnd stærri svæði en íbúaspár gera ráð fyrir og kemur áfangaskipting fram á skýringarmynd hér til hliðar.

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A til 2026	2,6	26-39
Svæði B eftir 2026	2,4	24-36

5.3. Svæði fyrir þjónustustofnanir

Markmið:

- Skólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist þannig sem útivistarsvæði.
- Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum. *Leiðir:*
 - Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi verði að þjónustustofnunum.

Á Lónsbakka er ekki starfræktur grunnskóli en skólabíll gengur á milli Lónsbakka og Þelamerkurskóli þar sem grunnskólinn í sveitarfélaginu er starfræktur. Á Lónsbakka er leikskóli sem tekur 32 börn og er hann staðsettur norðan við þéttbýlið. Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Lónsbakka:

ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Þjónustustofnun getur m.a. verið skóli, leikskóli, heilsugæslustöð og kirkjustaður.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.5 í skinnulagsreglugerð)

ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugrymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Leikskóli	Leikskólinn Álfasteinn, stærð lóðar 0,5 ha

5.4. Verslunar- og þjónustusvæði**Markmið:**

a. Lögð er áhersla á að gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.

Leiðir:

- Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi og nýjar eru dreifðar um þéttbýlið.

Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði gulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi. Eftirfarandi svæði á Lónsbakka eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Lónsá	Gistiheimili, stærð lóðar 1 ha
V2	Húsasmiðjureitur	Verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og tímursala, stærð lóðar 2,3 ha

Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

5.5. Athafnasvæði**Markmið:**

a. Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum í sjávarútvegi góðar umhverfisaðstæður.

Leiðir:

- Fjölbreytt framboð athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit. Á Lónsbakka er athafnasvæði vestan og austan Hringvegarins. Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 - 0,6.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Athafnasvæði	Ýmis athafnastarfsemi, stærð lóðar 1,0 ha

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, byrgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð)

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).

5.6. Iðnaðarsvæði**Markmið:**

- a. Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.
- b. Iðnaður verði eflur í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmunum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins.
- Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Iðnaðarsvæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. Á Lónsbakka er eitt iðnaðarsvæði. Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2 - 0,5.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Sláturhús	Sláturhús B. Jensen, stærð lóðar 0,3 ha

5.7. Opin svæði til sérstakra nota**Markmið:**

- a. Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.

Leiðir:


- Uppbygging opinna svæða á Lónsbakka og aukin trjárækt.

Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun. Eftirfarandi svæði á Lónsbakka eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Skógur	Sparkvöllur norðanvið og skógreitur sunnan við leikskólann Álfastein. Stærð svæðis 3,5 ha.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).



Mynd 27. Umferðarspá á Hringvegi á milli Dagverðareyrarveg og Hlíðarbrautar.

5.8. Óbyggð svæði

Markmið:

- a. Unnið verði að því að nýta sem best útivistarmöguleika sem nágrenni Lónsbakka býður upp á.

Leiðir:

- Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Lónsbakka.
- Gönguleiðarkerfi skv. tillögu í aðalskipulagi verði byggt upp.

Lónsbakki er umlukinn opnum svæðum sem eru áhugaverð til ræktunar og útivistar. Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. Hér er um að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar og í næsta nágrenni hennar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

5.9. Samgöngur

Markmið:

- a. Lögð skal áhersla á heilsteypt umferðarkerfi sem tengir íbúða- og atvinnuhverfi saman á skilvirknan og öruggan hátt.

Leiðir:

- Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.
- Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjólréiðastígum með það að leiðarljósi að þeir tengist atvinnu- og útivistarsvæðum.

Flokkun gatnakerfis miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnvegi, tengivegi, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsuppdætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á uppdætti. Um veghelgunarsvæði sjá kafla 4.3.1.

Samkvæmt umferðartölum frá Vegagerðinni frá árinu 2000 til 2006 þá hefur ársdagsumferð um Hringveg á milli Dagverðareyrarvegs og Hlíðarbrautar aukist um 23% eða frá því að vera 2552 bílar á dag árið 2000 í það að vera 3126 bílar á dag árið 2006. Er þá miðað við ársdagsumferð sem er meðaltalsumferð á dag yfir árið. Búast má við aukinni umferð um Hringveg miðað við umferðarspár Vegagerðarinnar á þjóðvegum landsins með auknum ferðamannastraumi, íbúafjölda og aukinni bílaeign á skipulagstímanum en sú spá gerir ráð fyrir 1-2% árlega umferðaraukningu.¹¹

¹¹ Vegagerðin 2008

Hávaðamæling hefur ekki verið gerð enda uppfylla umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði *reglugerðar um hávaða nr. 933/1999*, um það að gerð skuli hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári (og að gerð slíks korts skuli vera lokið eigi síðar en 30 júní 2012). Sé miðað við að árleg aukning sé um 2% ári þá mun umferð á þessu svæði vera í kringum 2,5 milljónir bifreiða árið 2045. Þegar að því kemur að Hringvegur verði breikkaður verður gerð krafa um að hljóðvarnir miðist við að uppfylla kröfur fyrir mismunandi landnotkun í samræmi við ákvæði reglugerða sem gilda á þeim tíma þegar til uppbyggingar kemur.

Stofnvegir

Hringvegurinn liggur í gegnum Lónsbakka. Ekki er gert ráð fyrir flutningi vegarins, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda. Gert er ráð fyrir breikkun Hringvegar á Samgönguáætlan til 2018.

Tengivegir

Hugmyndir eru um nýja tengingu frá Hringveginum á móts við Lónsbakka sem jafnframt er tenging við Akureyrarbæ um nýja götu sem liggur í gegnum athafnasvæði vestan Hringvegarins. Gatan mun fara um lóð Berghóls II og því er gert ráð fyrir því að það hús verði flutt til að koma fyrir nýju vegstæði. Aðalskipulagstillagan tekur ekki afstöðu til þess hvernig vegtengingar eru útfærðar, en vegna aðstæðna er ekki mögulegt að hafa núverandi gatnamót á sama stað til framtíðar.

Göngustígar

Stofnstígar eru sýndir á þéttbýlisupprætti og eru þeir auðkenndir með rauðgulum lit. Gönguleiðir eru sýndar til skýringar.

Hjólástígar

Hjólreiðastígur er sýndur meðfram Hringvegi á þéttbýlisupprætti og er hann auðkenndur með bláum lit.

Reiðstígar

Stofnkerfi reiðleiða eru sýndar á þéttbýlisupprætti og eru þær auðkenndar með brúnum lit.

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

5.10. Veitur**5.10.1. Hitaveita****Markmið:**

a. Stefnt er að því að Lónsbakki njóti hitaveitu.

Leiðir:

○ Stækkun Lónsbakka tengist hitaveitu Norðurorku.

Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða hitaveitu í þéttbýlinu.

5.10.2. Fráveita**Markmið:**

a. Hagkvæm lausn verði fundin á frárennslismálum sveitarfélagsins í þéttbýli.

Leiðir:

○ Rotþró verður staðsett í Lónsbakka.

Miðað við núverandi magn fráveituvatns, áætlaða aukningu þess á næstu árum og þær endurbætur sem verið er gera á fráveitukerfinu mun það uppfylla kröfur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða fráveitu í þéttbýlinu.

5.10.3. Vatnsveita**Markmið:**

a. Stefnt er að því að Lónsbakki njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

○ Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar

Lónsbakki er tengdur vatnsveitu Norðurorku og samningur er við Norðurorku um að þjónusta Lónsbakka með heitt og kalt vatn. Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

5.10.4. Rafveita

Markmið:

a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Leiðir:

○ Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir 33 kV og með lægri spennu verði settar í jörð.

Byggð á Lónsbakka er tengt stofnæðakerfi. Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

HEIMILDIR

Ritaðar heimildir:

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.

Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2004-2007

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls.

Vefsíður:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Hörgárbyggð: www.horgarbyggd.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landsnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Skipulagstofnun: www.skipulag.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Norðurlandsskógar: www.nls.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Norðurlandsvefurinn: www.nordurland.is

VIÐAUKAR

Viðauki I.

Í töflum 1 - 6 í viðauka eru umhverfispættir, skipting þeirra í undirpætti og lýsing á þeim.

Tafla 1. Náttúru- og menningarminjar, land

Ítarflokkun umhverfispátta		Lýsing
Menningarminjar	Friðlýstar fornleifar	Skráðar friðlýstar fornleifar
	Aðrar fornleifar	Minjar 100 ára og eldri
	Hverfisvernd	Menningarminjar sem njóta hverfisverndar
	Önnur menningarverðmæti	Aðrar minjar eða byggingar sem eru taldar verðmætar vegna sögulegs eða menningarlegs gildis
Náttúruminjar	Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd	Eldvörp, gervigígar og eldhraun
	Hverfisvernd	Náttúruminjar sem njóta hverfisverndar
	Aðrar náttúruminjar	Fágætar/sérstakar jarðmyndanir á landsvísu eða heimsvísu
		Aðrar náttúruminjar sem eru taldar verðmætar

Tafla 2. Landslag og ásjúnd

Ítarflokkun umhverfispátta		Lýsing
Landslag		Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð
		Fjölbreytileiki landslags
		Andstæður í landslagi
		Sérstaða/fágæti
Menningarlandslag		Saga/sögulegt gildi
Landbúnaðarland		Mikilvægi landbúnaðarlands

Tafla 3. Vatn, sjór, andrúmsloft og veðurfar

Ítarflokkun umhverfispátta		Lýsing
Grunnvatn	Vatnsgæði	Efnasamsetning (hlutfall mengunarefna)
	Vatnsflæði/vatnsbúskapur	Flæði grunnvatns
		Magn grunnvatns
		Grunnvatnshæð
Sjór/strandsvæði	Vatnsgæði	Efnasamsetning (hlutfall mengunarefna)
Hnattrænt	Veðurfar	Gróðurhúsaáhrif

	Loftgæði	Efnasamsetning (hlutfall mengunarefna)
Staðbundið	Loftgæði	Efnasamsetning (hlutfall mengunarefna), svifryk

Tafla 4. Vistkerfi

Ítarflokkun umhverfispáttanna		Lýsing
Líf í vatni	Vistgerðir og/eða búsvæði	Tegundir vistgerða/búsvæða
		Sjaldgæfar vistgerðir
	Gróður og dýr	Tegundasamsetning
		Válistategundir
		Ábyrgðartegundir
		Lykiltegundir
		Friðlýstar tegundir
Líf í sjó	Vistgerðir og/eða búsvæði	Tegundir vistgerða/búsvæða
	Gróður og dýr	Tegundasamsetning
		Válistategundir
		Ábyrgðartegundir
		Friðlýstar tegundir
Líf á landi	Vistgerðir og/eða búsvæði	Tegundir vistgerða/búsvæða
	Gróður og dýr	Tegundasamsetning
		Válistategundir
		Ábyrgðartegundir
		Friðlýstar tegundir

Tafla 5. Heilsa og öryggi

Ítarflokkun umhverfispáttanna		Lýsing
Heilsa	Heilsufar íbúa	Mengun (s.s. hávaðamengun, loftmengun, mengun vatns, o.s. frv.)
	Óþægindi	Hávaði
		Titrangur
		Ryk
Öryggi	Samfélagsöryggi	Umferðaröryggi
		Slysahætta

Tafla 6. Hagrænir og félagslegir þættir

Ítarflokkun umhverfispáttanna		Lýsing
Félagslegt umhverfi	Útivist og tómstundir	Framboð, eftirspurn og aðgengi að svæðum fyrir tómstundir og útivist (s.s. leiksvæði, íþróttasvæði og útivistarsvæði)
	Samgöngur	Umferð
		Ferðatími
		Nálægð við flugvelli
		Almenningssamgöngur
		Vegakerfi
		Göngu-, hjóla, og reiðleiðir
Efnahagsleg áhrif slysa	Tíðni og alvarleiki umferðarslysa	Fjöldi umferðaslysa á ári
		Kostnaður vegna umferðarslysa

Umhverfisviðmið

Til að meta áhrif skipulagsins á umhverfispættina eru notuð umhverfisviðmið. Viðmiðin geta verið stefna varðandi viðkomandi umhverfispátt sem fram kemur í t.d. lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum eða stefnumótun stjórnvalda. Einnig geta óskir og væntingar íbúa verið viðmið t.d. niðurstöður íbúabings. Í töflum 7 - 12 eru gefin dæmi af umhverfispáttum og hvaða viðmið voru notuð til að meta áhrifin á umhverfispáttinn.

Tafla 7. Náttúru- og menningarminjar, land

Umhverfispættir og undirþættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Menningarminjar	- Friðlýstar fornleifar - Aðrar fornleifar, sbr. fornleifaskráningu fyrir svæðið - Hverfisvernd - Önnur menningar-verðmæti	Að tryggja eftir fongum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins. Stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.	Þjóðminjalög (ÞL)
		Að tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.	Skipulags- og byggingarlög. (SBL)
Náttúruminjar og land	- Friðlýst svæði - Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd - Hverfisvernd - Aðrar náttúruminjar	Tryggja eftir fongum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	Lög um náttúruvernd (Ln)
		Jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd s.s. eldvörp, gervígígar og eldhraun.	Ln

Tafla 8. Landslag og ásjúnd

Umhverfispættir og undirþættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Náttúrulegt landslag Menningarlandslag Landbúnaðarland		Megin landslagseinkenni svæðis, heildarsvipmót.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (L Sk)
		Fjölbreytileiki landslags og andstæður í landslagi.	L Sk

		Sérstaða/fágæti og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.	L Sk
		Saga/sögulegt gildi.	L Sk
		Að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð	Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026

Tafla 9. Vistkerfi

Umhverfispættir og undirpættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Líf í vatni Líf í sjó Líf á landi	- Vistgerðir og/eða búsvæði - Gróður og dýr	Ln
	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	L Sk.
	Tegundir sem verndaðar eru samkvæmt lögum, eru á válista, eru einkennis tegundir eða mikilvægar á svæðis- lands, eða heimsvísu. Önnur svæði mikilvæg fyrir dýr og/eða plöntur s.s. svæði þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil eða svæði sem liggja nærri byggð.	Velferð til framtíðar. (Vft)
	Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa.	Vft
	Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum verði haldið í lágmarki.	

Tafla 10. Vatn, sjór, andrúmsloft og veðurfar

Umhverfispættir og undirpættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Yfirborðsvatn Grunnvatn Sjór/strandsvæði	- Vatnsgæði - Vatnsflæði/ vatnsbú-skapur	Ln
	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.	Vft
	Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskigengd eða útivistargildi.	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (Rvgmv)
	Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn.	

Andrúmsloft og veðurfar, hnattrænt og staðbundið	- Veðurfar - Löftgæði - Gróðurhúsa-lofttegundir	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengduðu lofti.	Reglugerð um loftgæði (RI)
		Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði haldið undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Loftmengun af völdum iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Vft

Tafla 11. Heilsa og öryggi

Umhverfispættir og undirpættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Heilsa og öryggi	- Heilsufar íbúa - Óþægindi, áreiti - Samfélagsöryggi	Vft
	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhaldið verði þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengduðu loft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarra starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Reglugerð
	Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem koma fram í reglugerð um hávaða.	

			um hávaða (Rh)
		Umferðaröryggi.	

Tafla 12. Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfisþættir og undirþættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Efnahagur og atvinnulíf	• Staðbundið • Þjóðhagsleg	Efnahagslegur kostnaður vegna umferðaslysa og afleiðinga þeirra.	
Félagslegt umhverfi	• Útivist og tómstundir • Samgöngur	Að þróun byggðar og landnotkunar verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna að leiðarljósi. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.	Sbl Vft

